

Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki



BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

HUGTAK VIKUNNAR

VOGUNARRÁÐGJÖF greiningardeilda gengur út á að reiknuð er vísitala verðmetinna félaga og hún notuð sem markaðsviðmið við umsögn á grundvelli væntinga um gengisþróun félagsins. Talað er um markaðsvogun, undirvogun eða yfirvogun. Ef talið er að gengi viðkomandi félags muni þróast í takt við vísitöluna fær félagið umsögnina markaðsvogun. Með því er átt við að vægi félagsins í dreifðu eignasafni eigi að vera í samræmi við vægi félagsins í markaðsvirði vísitölunnar. Á sama hátt þýðir undirvogun að fjárfestum er ráðlagt að eiga minni hlut í viðkomandi félagi en vægi þess í vísitölunni segir til um og öfugt þegar um yfirvogun er að ræða.

Áhrifamikill fræðimaður

Skoski sagnfræðingurinn Niall Ferguson verður ræðumaður á hádegisverðarfundum Kaupþings á föstudaginn kemur. Erindi hans ber titilinn „Er hægt að halda í við alþjóðavæðinguna?“.

Niall, sem er prófessor í sögu við Harvard-háskóla, hefur verið nefndur meðal áhrifamestu sagnfræðingum nútímans. Meðal annars útnefndi tímaritið Time fyrir þremur árum hann einn af hundrað áhrifamestu manneskjum heims. Niall er mjög hægri-sinnaður og skoðanir hans oft umdeildar.

- hhs

Lífeyrissjóðurinn Stapi verður til við sameiningu

Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Norðurlands verða sameinaðir, fáist samþykki Fjármálaráðuneytisins fyrir því. Nýi sjóðurinn fær nafnið Stapi og verður fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins.

Hrein eign sameinaðra sjóða til greiðslu lífeyris er um 84 milljarða króna miðað við ársreikninga sjóðanna tveggja og með um 21 þúsund lífeyrisþega. Heildariðgjöld ársins 2006 voru 4,7 milljarðar króna. Sjóðirnir greiddu samtals um 1.918 milljónir króna í lífeyri í fyrra og



STJÓRN LÍFEYRISJÓBSINS STAPI voru lífeyrisþegar tæplega sex þúsund.

Þrjár konur og þrjú karlar munu sitja í stjórn Stapa. Í fréttatilkynningu frá sjóðnum er fullyrt að jafnt kynjahlutfall sé stórtíðindi innan fjármálafyrirtækis af þessari stærðargráðu og jafnvel einsdæmi.

- hhs

Flaga úr tapi í hagnað

Flaga skilaði tæplega 661 þúsund dala hagnaði eftir skatta á fjórða ársfjórðungi sem eru tæplega 45 milljónir íslenskra króna. Félagið tapaði 1.445 þúsund bandaríkjadólam á sama tíma árið 2005 (98 milljónum króna).

Fyrir árið í heild nam tap Flögu 690 þúsund dólum eða 47 milljónum króna.

Tekjur félagsins jukust um 8 prósent á fjórða ársfjórðungi en drögust saman um 7 prósent fyrir árið í heild.

Eiginfjárlutfall Flögu er hátt, um 65 prósent.

- eþa

Tveir milljarðar í tap en framlegð hækkar

Veruleg umskipti á fjármagnsliðum HB Grandi.

HB Grandi skilaði 1.980 milljóna króna tapi í fyrra samanborið við 549 milljóna króna hagnað árið áður. Á fjórða ársfjórðungi tapaði félagið 943 milljónum á móti 387 milljóna króna tapi árið 2005.

Tapið skýrist fyrst og fremst af hækkanði fjármagnsgjöldum, auknum gengismun erlendna lána og verðbótum. Alls voru fjármagnsliðir neikvæðir um 3.659 milljónir en jákvæðir um 237 milljónir árið áður.

Grunnrekstur félagsins batnaði töluvert vegna hækkanði afurðaverðs og lækkunar á gengi krónunnar. Rekstrartekjur jukust um 26 prósent í fyrra og námu 13.658 milljónum. Rekstrarahagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 2.685 milljónir, eða 19,7 prósent af rekstrartekjum, sam-



FLAGGSKIPIÐ ENGEY Stærsta útgerðarfélag landsins tapaði tveimur milljörðum í fyrra.

anborið við 1.633 milljónir árið 2005 sem jafngilti 15,1 prósentu rekstrartekna. Á fjórða ársfjórðungi hækkaði framlegðarhlutfallið í 17,1 prósent úr 5,7 prósentum frá fyrra ári.

Eignir félagsins námu tæpum þrjátíu milljörðum króna í árslok. Eigið fé var 8.195 milljónir og eiginfjárlutfall því 27,4 prósent.

- eþa

Robert Tchenguiz flaggar í Sainsbury

Dótturfélag Tchenguiz Family Trust hefur eignast þriggja prósentu hlut í Sainsbury, þriðju stærstu stórmarkaðakeðju Bretlandseyja. Fyrir félaginu fer Robert Tchenguiz, verðandi stjórnarmaður í Existu og einn stærsti hluthafi þess félags.

Hlutabréf í Sainsbury fóru í hæsta gengi í níu ár um miðja síðustu viku þegar greint var frá þessum kaupum. Breska yfirtökunefndin hefur nú gefið fjárfestahópi undir forystu CVC og Blackstone sex vikna frest til að leggja fram tilboð í verslana-keðjuna eftir að stjórn Sainsbury

óskaði eftir því að þrýst yrði á hópinn. Talið er að aðrir fjárfestar renni hýru augu til breska félagsins, þar á meðal Marks & Spencer, Asda, Apax og sjóður í eigu kúveiska ríkisins.

Íslenskir fjárfestar, eins og Baugur og Unity Investment, sem er í eigu Baugs, FL Group og Kevins Stanford, hafa tekið stöður í Sainsbury og hagnast á þeim viðskiptum.

Sérfræðingar telja að yfirtökutilboð verði að hljóða upp á 550 pens á hlut en gengi Sainsbury stóð í 524 pensum í Kauphöllinni í Lundúnum í gær.

- eþa



Breytingar í Holtagörðum

Nýir og gjörbreyttir Holtagarðar verða opnaðir í nóvemberlok. Fjöldi verslana verður í húsinu á tveimur hæðum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Hljóðlátar en viðamiklar breytingar standa nú yfir í Holtagörðum, sem áður hýsti Ikea. Verslunarrými hússins og bílastæðafjöldi verður um það bil tvöfaldaður auk þess sem talsverðar breytingar verða gerðar á útliti hússins og nánasta umhverfi. Nokkrar verslanir verða í húsinu, þar á meðal Hagkaup sem verður á um 9.000 fermetrum á fyrstu hæð hússins en það er sambærilegt verslun Hagkaupa í Smáralind. Þá er verið að bæta við einni hæð inni í húsinu en þar verða fimm verslanir til viðbótar í rými frá allt að 750 fermetrum til 3.200 fermetra. Fyrirhugað er að opna breytta Holtagarða í lok nóvember á þessu ári, að sögn Arnar V. Kjartanssonar, framkvæmdastjóra eignaumsýslu fasteignafélagsins Stoða, sem á húsið.

Örn segir að lofthæð í mestum hluta Holtagarða sé mjög mikil. Viðskiptavinir Ikea hafi ekki gert sér grein fyrir henni þegar verslunin hafi verið þar til húsa þar sem loftið var klætt af. Hún sást hins vegar vel þegar komið var inn í lagerinn. Lofthæðin er nýtt til að byggja millihæð inn í húsið og verða þar nokkrar verslanir, meðal annars raftækjaverslun og húsgagnaverslun, sem mun bjóða upp á vöruúrval sem ekki hefur áður sést hér á landi, að hans sögn. Viðræður standa yfir við tvo aðila til viðbótar. Horft er til þess að ein þeirra verði fataverslun.

„Verslunarhlutinn verður eftir breytingarnar um 20 þúsund fermetrar,“ segir Örn og bendir á að

núverandi verslunarrými Holtagarða sé um 12 þúsund fermetrar. Samfara þessu fjölga bílastæðum talsvert og verður hluti þeirra á tveimur hæðum. „Núna eru stæði fyrir 450 bíla en eftir breytingarnar verða þau um 800,“ segir Örn.


Þær verslanir sem nú eru í Holtagörðum verða áfram í húsinu að Rúmfatalagernum undanskildum að sögn Arnar en í rýmið flytur ný verslun. Þá flytjast aðalskrifstofur Hagkaupa sömuleiðis á aðra hæð hússins en skrifstofurnar hafa verið á annarri hæð verslunar Hagkaupa í Skeifunni frá stofnun verslunarinnar. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sem er í vestari enda hússins á jarðhæð flytur í stærra rými á aðra hæðina en Bónus verður á sama stað.

Örn segir þetta ekki allt og sumt því nýtt gleranddyri hefur verið hannað framan á húsið og er innangengt í það frá báðum hæðum bílastæðanna. Í anddyrinu verður flatur og þrepalaus rúllustigi sem gerir jafnt fólki með innkaupakerrur eða þungar byrðar auðveldara fyrir að fara á milli hæða.

Gert er ráð fyrir að kostnaður við breytingarnar hlaupi á rúmum tveimur milljörðum króna. Örn segir fjárfestinguna vissulega mikla en leggur áherslu á að verið sé að byggja til framtíðar því lagning Sundabrautar, sem fyrirhugað er að verði í námunda við Holtagarða, spili inn í áætlanagerðina. „Við horfum til þess að þeir sem komi til borgarinnar utan af landi um Sundabraut vilji versla,“ segir hann og leggur áherslu á að þegar Holtagarðar opni verði um nýjan verslanakjarna að ræða.

SKÝR YFIRSÝN,
AUKIN VERÐVITUND

52 sneisafullar síður
af prentlausnum!





Heimabyggð okkar nýtur hagnaðarins

Sparisjóðurinn kostar byggingu menningarhúss á Dalvík

Í ljósi þess að afkoma Sparisjóðs Svarfdæla á árinu 2006 var með besta móti viljum við leyfa viðskiptavinum okkar og heimabyggð að njóta þess með okkur. Sparisjóðurinn leggur fram 200 milljónir króna til byggingar menningarhúss á Dalvík, sem án efa auðgar og styrkir okkar góða samfélag. Við hlökkum til að takast á við spennandi verkefni og sjá glæsilegt hús rísa.

FLORISIA



 **SPARISJÓÐUR**
Svarfdæla Dalvík

SKIPULAG

Dekkja- og geymsluhillur
í bílskúrinn eða geymsluna



kr.5.789,-

Viðbótareining kr. 3.629,-

Skrúfufrítt.
Einfalt í uppsetningu



kr.8.985,-

Viðbótareining kr. 6.285,-

Brettahillur fyrir fyrirtækið
taka 9 EUROBRETTI!



250 cm

270 cm

Ýmsar gerðir lyftara
Verðdæmi **458.834,-** m.vsk.




Hilluplan fyrir
lausar vörur

kr.24.990,-

Viðbótareining kr. 1.9649,-

Einfalt í
uppsetningu.


Hillukerfi fyrir fyrirtækið
Milligólf, margar útfærslur!



Skrúfulaust
Smellt saman!



Plastkassar
Margar gerðir og útfærslur



Ísold ehf.

Nethyl 3 - 3a • 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 • Fax 567 3609

www.isold.is • www.hillur.is



Í **MBA-KENNSLUSTUND** Hér má í miðri sjá Marc Sachon leiðbeina nemendum í MBA-námi við Háskólann í Reykjavík. Þegar búið er í nokkrum tímum að fara yfir fræðin lætur hann nemendur sína í lokayfirferð hagnýta fræðin í verklegum tíma þar sem búnar eru til aðstæður fullar af spennu og streitu. Verkfærin eru legokubbar.

MARKAÐURINN/ANTON

Nám er miðlunarfarvegur góðra hugmynda

Marc Sachon kennir með legokubbum í MBA-námi HR. Hann segir **Óla Kristjáni Ármannssyni** að einfaldari leiðir séu oft áhrifaríkastar; kennsla, eins og svo margt, snúist um verkferla og góðar hugmyndir.

„Megintilgangur viðskiptaskóla er að bæta árangur þess rekstrar sem fólk er í,“ segir dr. Marc Sachon, sem kennir námskeið í rekstrarstjórnun (Operations Management) í MBA-námi Háskólans í Reykjavík. Hann lítur á kennslustundir sem miðlunarvettvang góðra hugmynda. Marc var hér um og fyrir síðustu helgi í sinni annarri kennsluheimsókn til landsins.

„Til að rekstur blómstri þarf fólk að fá góðar hugmyndir, en það kann að vera hægara sagt en gert og varla hægt að ætlast til þess að verulega góð hugmynd vakni nema einu sinni í viku í mesta lagi,“ segir Marc og bætir við að þar spili margt inn í, svo sem staðlað vinnuumhverfi og fleira. Skólinn segir hann aftur á móti að ýti undir skapandi hugsun og þar kasti fólk á milli sín margvíslegum spurningum og svörum sem ýti undir góðar hugmyndir, eða nýja nálgun við lausn vandamála. „Takmark okkar sem kennum í MBA-námi á borð við þetta hér í Háskólanum í Reykjavík er að á hverjum kennsludegi fari nemendur úr tíma með að minnsta kosti eina frábæra hugmynd. Í því er ágóði falinn fyrir fyrirtæki. Ef kennt er þrisvar sinnum í viku eru komnar að minnsta kosti þrisvar sinnum fleiri góðar hugmyndir en annars og þær eru svo hagnýttar á vinnustað.“

Marc Sachon, sem er Þjóðverji, er einn af víðfrægum og sprenglærðum gestakennurum við MBA-nám Háskólans í Reykjavík, og líkast til eini „eldflaugavísindamaðurinn“ (e. rocket scientist) sem sækir skólann heim til kennslu. Hann er menntaður í Bandaríkjunum að hluta, með doktorspróf frá Stanfordháskóla, en lærði áður geimvísindaverkfræði við háskólann í Stuttgart. Núna gegnir Sachon fastri stöðu við IESE-viðskiptaskólann í Barcelona á Spáni, bæði í MBA-námi og stjórnendaskóla, og ber honum góða söguna. Ef til vill þarf það þó ekki að koma á óvart því samkvæmt Economist Intelligence Unit er IESE einn besti MBA-skóli heims. Að auki vinnur Sachon sem ráðgjafi og hefur tekið að sér verkefni fyrir fyrirtæki á borð við Morgan Stanley, United Airlines og Merck. Fyrir skömmu tók hann einnig að sér að greina og leysa sérhæft vandamál í dreifikerfi DHL varðandi dreifingu til stórmarkaða.

Sachon segir IESE-viðskiptaskólann njóta nokkurrar sérstöðu vegna nálægðar sinnar við fyrirtæki og verkefni sem skólinn vinnur fyrir þau. Þar er raunar komin ein mikilvægasta tekjulind skólans líka, sem ekki nýtur sambærilegra fjárfraamlaga, eða hefur í sjóði að sækja, líkt og virtir viðskiptaháskólar á borð

við Harvard í Bandaríkjunum. „Þetta er svona viðskiptaskóli fyrir viðskiptalífið og við fáum til okkar í stjórnendanám mikið af hæfu fólki sem þegar er komið með mikla reynslu,“ segir Marc.

Rannsóknir í IESE segir hann svo að skiptist í tvennt, hagnýtar rannsóknir þar sem fyrirtæki koma með sérstök vandamál (líkt og DHL) og kennarar verði sér þar úti um reynslu og þekkingu sem færa megi beint inn í kennslustofuna, og svo aftur hefðbundnari rannsóknir. „Nálgun okkar hjá IESE hefur alltaf verið að kennarar sinni fjórum meginsviðum í störfum sínum: rannsókn, kennsla, stjórnunarstörfum við skólann og ráðgjafarstörfum. Reyndar er ekki hægt að pína neinn til að sinna ráðgjöf, enda eftirspurnin mismunandi, en á það er samt lögð mikil áhersla,“ segir Marc og bætir við að rökin að baki nálguninni séu að við rannsóknir kunnir að vera hætt við að menn einangrist meðan ráðgjafarstörf hjálpi kennurum að vera í tengslum við þann raunveruleika sem blasir við fyrirtækjum og geri þeim kleift að nýta sér þá reynslu í kennslu. „Aðalatriðið er samt að maður hafi gaman af því að kenna. Sjálfum finnst mér ekkert ánægjulegra en þakklátir nemendur í lok kennslustundar sem koma til mín og segjast hafa lært eitthvað nýtt.“



FJÖR Í TÍMA Marc Sachon blæs í flautu sína til marks um að nemendur fái ekki meiri tíma við framleiðslulíkinguna og tími sé kominn til að meta árangurinn fyrir næstu tílraun.

MARKAÐURINN/ANTON



SAGAN ENDURTEKUR SIG Alla jafna er líklegt að sjá marglita legokubba notaða í leikskóla en í háskólanámi. Marc Sachon segir þá hins vegar einföld verkfæri hentug til að kenna flókin fræði.



Farsæld til framtíðar

Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins, á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 16. mars, er efnt til umræðu um hvernig velsæld verður áfram tryggð á Íslandi.

horft til framtíðar

Íslenskt atvinnu- og þjóðlíf hefur tekið stakkaskiptum á ótrúlega stuttum tíma. Hvert stefnir og má vænta áframhaldandi góðs árangurs?



Helgi Magnússon,
formaður
Samtaka
iðnaðarins



Jón Sigurðsson,
iðnaðar- og
viðskipta-
ráðherra

auðlindanýting byggðapróun

Hvernig verður nýtingu og verndun náttúruauðlinda þjóðarinnar best fyrir komið samhliða eflingu byggðar utan suðvesturhornins?

Ræðumaður:



Víglundur Þorsteinsson,
stjórnarformaður
BM Vallár

Álitgjafar:



Steingrímur J.
Sigfússon



Friðrik
Sophusson



Smári
Geirsson



Trausti
Valsson

atvinnulífið 2020

Hver verður þróun í íslensku atvinnulífi næstu árin? Hvar eru tækifæri til vaxtar? Hvaða þættir hafa þar mest áhrif? Hverjar eru helstu hætturnar og hvar liggur styrkur okkar?

Ræðumaður:



Sigurjón Þ. Árnason,
bankastjóri
Landsbankans

Álitgjafar:



Vilhjálmur Þ.
Vilhjálmsson



Hilmar V.
Pétursson



Ragnhildur
Geirsdóttir



Svafa
Grönfeldt



Finnboði
Jónsson

stöðugleikinn gengið - krónan

Stöðugleiki er atvinnulífinu nauðsynlegur. Hvernig tryggjum við hann? Verður unnt að draga úr gengis- sveiflum og ná vöxtum niður í núverandi kerfi? Er ákvörðun um upptöku evru og aðild að ESB í sjónmáli?

Ræðumaður:



Þorsteinn Pálsson,
ritstjóri
Fréttablaðsins

Álitgjafar:



Illugi
Jökulsson



Ingibjörg
Sólrún
Gísladóttir



Katrín
Pétursdóttir



Illugi
Gunnarsson



Hörður
Arnarson

Dagskrá hefst stundvíslega kl. 13:00 og lýkur fyrir kl. 16:00, en í lok dagskrár gefst ráðrúm til spjalls yfir léttum veitingum. Þingið er opið og aðgangur ókeypis.



Fundarstjóri:
Þórofur Árnason,
forstjóri Skýrr hf.

SI

Samtök iðnaðarins

NÝ VERÖLD

Mars 2007

LOTUSPHERE Á ÍSLANDI

22. mars fer ráðstefnan „Lotusphere kemur til þín“ fram í Reykjavík. Kynntar verða helstu nýjungar í hugbúnaðarlausnum IBM. SÍÐA 2



LIFANDI UMHVERFI

Icelandair Group vinnur stöðugt að þróun upplýsingakerfa sinna til þess að upplýsingaflæði til starfsmanna og viðskiptavina sé eins og best verður á kosið. Innleiðing IBM Workplace í samvinnu við Nýherja er ætlað að treysta stöðu Icelandair Group í fremstu röð á þessu sviði. SÍÐA 4-5

Ljósmynd: InPress

GÆÐASTJÓRNUN

VGK-Hönnun er stærsta verkfræðistofa landsins. Hugbúnaður frá FOCAL gegnir mikilvægu hlutverki í daglegri starfsemi og gæðastjórnun fyrirtækisins. SÍÐA 3

FULL YFIRSÝN

GoPro mála- og skjalastjórnunarhugbúnaður er notaður víða í atvinnulífinu og veitir m.a. fulla yfirsýn í ráðuneytum Íslands og hjá lögfræðistofunni Fulltingi. SÍÐA 6-7

5000 STARFSMENN

Nýherji þjónustar samskiptanet starfsmanna Landspítala-háskólasjúkrahúss. Tölvupóst- og dagbókakerfi stofnunarinnar er beintengt símkerfi hennar. SÍÐA 8

HUGBÚNAÐUR ATVINNULÍFSINS

Vöxtur íslensks atvinnulífs síðustu ár hefur ekki farið fram hjá neinum. Í Danmörku fer það bráðum að vekja athygli ef fyrirtæki í Kaupmannahöfn eru EKKI komin í eigu Íslendinga!

Öflugur hugbúnaður stuðlar að vexti. Sérstaklega þegar stoðkerfi eru sveigjanleg, byggð á opnum stöðlum og samnýtanleg með fjölda lausna frá fyrirtækjum í fremstu röð í hugbúnaðarþróun. Slíkar lausnir tryggja áframhaldandi nýtingu fjárfestinga sem þegar hafa verið gerðar í hugbúnaði.

Það er ástæðan fyrir mikilvægi Íslands fyrir IBM. Samstarfsaðilar IBM á Íslandi eru öflug fyrirtæki sem þekkja vel til aðstæðna í viðskiptalífínu. Þau eru því vel í stakk búin til þess að þróa hugbúnaðarlausnir, byggðar á stoðkerfum IBM, sem efla íslensk fyrirtæki enn frekar.

IBM Software óx hratt árið 2006. IBM keypti tólf fyrirtæki til þess að efla enn frekar þau stoðkerfi og millibúnað sem fyrirtækið býður upp á. Notkun IBM hugbúnaðar á Norðurlöndum jókst einnig mikið, gefin voru út 50% fleiri Lotus leyfi en árið 2005. Á Íslandi hefur samningum um innleiðingu Lotus Workplace og vefgáttarlausna fjölgað, bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum.

Íslenskir þátttakendur á Lotusphere ráðstefnunni í Orlando í janúar voru fleiri en nokkurn tíma áður. Mikill meirihluti þátttakenda var sammála um að ráðstefnan hefði verið sú besta til þessa.

Það er þó engin ástæða til þess að örvænta þótt þú hafir ekki verið meðal þátttakenda! Þú getur kynnt þér helstu nýjungarnar í Lotus á „Lotusphere kemur til þín“ sem haldin verður í Reykjavík 22. mars.

Pangað til vonum við að hugbúnaðarlausnirnar sem hér eru kynntar veiti þér innblástur til nýrra viðskiptatækifæra.

Góða skemmtun!



Jens Knudsen
Country Manager,
IBM Software Group



Ljósmynd: Joachim Rode

Fylgiblað frá IBM, Nýherja, Hugviti og FOCAL



Nýherji, Hugviti og FOCAL veita nánari upplýsingar um innihald blaðsins.

INPRESS ©

Vönduð upplýsingamiðlun síðan 1984

Fylgiblað þetta er framleitt af Inpress, blaðaútgáfu sem stofnuð var af Conny Unéus árið 1984. Verkefnisstjóri: Mats Westerberg
Texti: Páll Tómas Finnsson
Hönnun: Georg Lulich, Sofía Karlsson
Umbrot: Inpress · Prentun: Fréttablaðið.
Upplýsingar um framleiðslu fylgiblaða með Fréttablaðinu veitir Mats Westerberg, +46 18 68 30 12.

2 ibm.com/events/dk/lcty



Ljósmynd: T. Busch-Christensen



Ljósmynd: IBM

Íslandsvinurinn og tunglfarinn Neil Armstrong var meðal fyrirlesara á Lotusphere í Orlando og sagði m.a. frá IBM tölvu sem var með í för á tunglinu árið 1969. Tölvan hafði hvorki meira né minna en 4 KB minni.

Þrjátíu manna hópur frá Íslandi lagði land undir fót í janúar síðastliðnum til þess að taka þátt í Lotusphere ráðstefnunni í Orlando.

LOTUSPHERE KEMUR TIL ÞÍN!

▶ Á Lotusphere í Orlando voru kynntar til sögunnar þær nýjungar sem væntanlegar eru í Lotus Notes og voru á dagskránni sérhæfðir fyrirlestrar um þá fjölmörgu notkunarmöguleika sem Lotus býður upp á. Lotusphere er upplagður vettvangur fyrir þá sem vilja sækja sér innblástur til nýjunga og áframhaldandi þróunar á eigin upplýsingakerfum.

NÁVÍGI VIÐ HELSTU SÉRFRÆÐINGA HEIMS

Þátttakendur á Lotusphere í Orlando voru yfir sjö þúsund en þrátt fyrir fjölmennið gekk ráðstefnan vel fyrir sig. Allt skipulag var til fyrirmyndar og voru íslensku þátttakendurnir ánægðir með afrakstur ráðstefnunnar.

Það vakti athygli þeirra hversu auðvelt var að komast í návígi við ædstu stjórnendur IBM sem voru til viðtals á ráðstefnunni. Hluti íslenska hópsins nýtti þetta einstaka tækifæri til þess að ræða lausnir sínar við helstu Lotus sérfræðinga heims, og fá upplýsingar frá fyrstu hendi um þá möguleika sem nýjungarnar geta skilað þeim.

MIKIL BJARTSÝNI OG FJÖLDI NÝJUNGA

Mikil bjartsýni á framtíð Lotus var ein-kennandi fyrir ráðstefnuna. Vöxtur Lotus á Norðurlöndum á síðasta ári var um 50% og

breytingarnar sem kynntar voru bera vott um öflugt þróunarstarf sem treystir stöðu Lotus Notes, í fararbroddi hugbúnaðarþróunar í heiminum.

Nýjasta útgáfan af Lotus, Lotus Notes 8, sem var kynnt á ráðstefnunni kemur á markað innan skamms. Útgáfan felur í sér byltingu á notendaviðmóti og uppbyggingu hugbúnaðarins, sem hefur það fyrir augum að auka yfirsýn, þægindi og skilvirkni fyrir notendur. Nýja útgáfan bætir aðgengi að upplýsingum og eflir enn frekar hópvinneiginleika og tengingar Lotus Notes við mismunandi tölvakerfi sem hefur verið helsti styrkur Lotus Notes.

Ný útgáfa af Workplace Portal Express var einnig kynnt til sögunnar. Lausnin gerir minni og meðalstórum fyrirtækjum kleift að sameina aðgang að þeim upplýsingakerfum sem notuð eru í rekstrinum í eina vefgáttarlausn. Þannig má auka skilvirkni og hagræðingu í rekstrinum verulega, án mikils tilkostnaðar.

Hópvinnukerfið Lotus Quickr var ein af þeim lausnum sem mesta athygli vöktu á ráðstefnunni. Lausnin einfaldar samskipti í verkefnavinnu í viðskiptalífínu, sparar pláss á netþjónum og gerir notendum kleift að

miðla gögnum á fljótlegri og öruggari hátt en áður hefur þekkt.

LOTUSPHERE Á ÍSLANDI

Nýherji, Hugviti og Focal standa fyrir ráðstefnunni „Lotusphere kemur til þín“ í samvinnu við IBM þann 22. mars næstkomandi. Þar verður fjallað um allar helstu nýjungar sem kynntar voru í Orlando, þar á meðal Lotus Notes 8, Workplace Portal Express og Quickr.

Það er því um að gera að nýta tækifærið til þess að kynna þér þeim notkunarmöguleikum sem Lotus Notes býr yfir og ekki síður þeim ávinningi sem Lotus Notes getur skilað þínu fyrirtæki. **Texti** | Páll Tómas Finnsson

EFTIRFARANDI STOFNANIR OG FYRIR- TÆKI VORU MEÐAL ÞÁTTTAKENDA Á LOTUSPHERE Í ORLANDO:

- Hugviti
- Nýherji
- Anza
- Fjármálaráðuneytið
- Fjársýsla ríkisins
- Icelandair
- Landsvirkjun
- Reykjavíkurborg
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Síminn
- Skygginn
- Utanríkisráðuneytið
- Vegagerðin



Lotusphere kemur til Íslands

Kynntu þér það nýjasta í hugbúnaðarlausnum IBM!

„Lotusphere kemur til þín“ fer fram í Smárabíói þann 22. mars kl. 13:00–17:00. Skráning þátttakenda hefst kl. 12:30.

Á ráðstefnunni munu IBM, Nýherji, Hugviti og Focal kynna helstu nýjungarnar sem fram komu á Lotusphere í Orlando í janúar. Sérfræðingar fyrirtækjanna verða til viðtals um það hvernig hugbúnaðarlausnir IBM koma þínu fyrirtæki til góða.

Skráðu þig í dag á www.ibm.com/events/dk/lcty. Þar má einnig finna nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar.

IBM hugbúnaður
Samvinna, samskipti og framleiðni til framtíðar



„Lotus grunnarnir eru miðpunkturinn í starfsemi og í raun það sem tengir allt fyrirtækið saman. Kerfin frá FOCAL hafa haft ómetanlega þýðingu fyrir okkur, ekki síst í sameiningarferlinu,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson, framkvæmdastjóri VGK-Hönnunar.



Ljósmynd: T. Busch-Christensen

Í byrjun árs sameinuðust verkfræðistofurnar Hönnun og VGK undir nafninu VGK-Hönnun. Við sameininguna varð til stærsta verkfræðistofa landsins með yfir 240 starfsmenn, starfsemi á átta stöðum á Íslandi og verkefni víða erlendis. Fyrirtækið á jafnframt stærstu rannsóknarstofu landsins í einkaeign.

STÆRSTA VERKFRÆÐISTOFA LANDSINS NOTAR FOCAL TÖLVUKERFI

Stefna VGK-Hönnunar er að nýta þá möguleika og nýjungar sem tölvutækni býður upp á til hins ýtrasta. Fyrirtækið notar Lotus Notes frá IBM og eru tölvukerfin þróuð af FOCAL Software & Consulting (Hópvinnakerfi ehf.) í samstarfi við starfsmenn VGK-Hönnunar.

MARGVÍSLEGAR ÁSKORANIR

„Áskoranirnar hjá okkur eru að margvíslegum toga. Starfsemi er dreifð, verkefniin mörg hver flókin og viðamikil og gerðar eru miklar kröfur til gæðakerfa og skilgreiningar verkferla. Það er því mikilvægt að aðgengi starfsmanna að upplýsingum sé greitt, hvort sem þeir eru staddir á Akureyri, Egilsstöðum eða í útlöndum. Tölvukerfin frá FOCAL sjá til þess og tryggja að verklagið er það sama alls staðar,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson, framkvæmdastjóri VGK-Hönnunar.

Öll samskipti starfsmanna VGK-Hönnunar ásamt skráningu og skjalastjórnun í verkefnum fer fram í FOCAL tölvukerfunum.

„Samskiptagrannurinn heldur utan um öll rafræn samskipti við viðskiptamenn og svo notum við svokallaðan verknumeragrann til skráningar á framvindu í verkum. Alltaf er hægt að sjá stöðu á verkunum og rekja þau samskipti sem þeim tengjast. Þetta

gerir t.d. nýjum starfsmönnum kleift að kynnast starfsemi á tiltölulega stuttum tíma,“ segir Eyjólfur Árni.

SÉRHÆFDAR LAUSNIR

FOCAL hefur þróað ýmsar sérhæfðar lausnir fyrir fyrirtækið sem t.d. eru notaðar til skráningar á teikningum og fræðslu, útlánunum og viðhaldi á tækjabúnaði og til þess að miðla fréttum og upplýsingum til starfsmanna.

AUKNAR KRÖFUR TIL VEL SKILGREINDRA VERKFERLA

VGK-Hönnun er í dag vottað eftir alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001:2001. Í ISO-vottuninni felast ítarlegar kröfur um gæðakerfi og skilgreiningar verkferla, einsleit vinnubrögð og rekjanleika gagna í starfsemi.

„Ákvörðunin um að stefna að vottuninni var tekin tiltölulega snemma hjá okkur og það er sú framsýni sem skilar okkur árangri í dag. FOCAL og Lotus Notes hafa reynst okkur mjög vel síðustu 7 árin, bæði í undirbúningnum undir vottunina og í reglulegum úttektum og eftirliti með gæðakerfinu,“ segir Eyjólfur Árni.

GRUNDVÖLLURINN AÐ ÖFLUGRI STARFSEMI

FOCAL Gæðahandbókin skapar grundvöllinn að því að fylgja þeim

kröfum sem gerðar eru til ISO vottaðra fyrirtækja. Í henni er að finna ítarlegar upplýsingar um allar verkreglur og vinnuferla VGK-Hönnunar. Handbókin er á rafrænu formi og auðveldar það allar breytingar á skilgreiningum verkferla og eftirlit með starfsemi.

„ISO-staðallinn gerir strangar kröfur til eftirlits með gæðakerfinu. Við erum með öflugt innra úttektarkerfi til þess að tryggja að unnið sé eftir gæðahandbókinni og ISO-staðlinum. Öll frávik frá staðlinum eru skráð á rafrænu formi og það sama gildir um úrbætur á þeim atriðum sem lagfæra þarf.“

Eyjólfur Árni er ekki í vafa um mikilvægi gæðahandbókarinnar: „Margir framkvæmdaðilar gera kröfu um ISO-vottun í tengslum við ráðgjöf og úrvinnslu verkefna og því má segja að gæðahandbókin, ásamt sérhæfðu starfsfólki okkar, sé oft aðgangsmiðinn að stórum og spennandi verkefnum.“

TENGIN Í SAMEINUÐU FYRIRTÆKI

Við sameiningu VGK og Hönnunar varð til þekkingarfyrirtæki með víðtæka reynslu á flestum sviðum verkfræði og raunvísinda. Þrátt fyrir þá fjölmörgu þætti sem huga þarf að í sameiningu af þessu tagi hefur sameiningarferlið heppnast vel.

„Sameiningin hefur gengið mjög vel og því er ekki síst að þakka þeirri víðamiklu þróun sem liggur að baki hugbúnaðinum í fyrirtækinu. Lotus grunnarnir eru miðpunkturinn í starfsemi og í raun það sem tengir allt fyrirtækið saman. Kerfin

frá FOCAL hafa haft ómetanlega þýðingu fyrir okkur, ekki síst í sameiningarferlinu,“ segir Eyjólfur Árni Rafnsson.

Texti | Páll Tómas Finnsson

FOCAL LAUSN VGK-HÖNNUNAR

Lausnin byggir á Lotus Notes og FOCAL hugbúnaði

Eftirfarandi FOCAL kerfi eru notuð hjá VGK-Hönnun:

- Samskipta- og verkefnakerfi
- Teikningakerfi
- Starfsmannakerfi
- Viðverkerfi
- Fréttakerfi
- Gæðahandbókakerfi
- Úttektarkerfi
- Tækjaskrá

Helstu kostir

- Fullt yfirlit yfir stöðu verkefna
- Hægt að rekja öll gögn og samskipti tengd verkefnum
- Skilgreindir verkferlar og rekjanleiki fylgja kröfum ISO-vottunar
- Yfirlit yfir viðveru starfsmanna
- Yfirlit yfir útlán, viðhald og kvörðun tækja
- Skjalavarsla teikninga
- Sterk mannauðsstjórnun
- Öflug upplýsingagjöf til starfsmanna

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM FOCAL LAUSNIR

Kristín Björnsdóttir
Markaðsstjóri FOCAL
Sími: 5 400 900
Netfang: kristin@focal.is

FOCAL Software & Consulting
Hlíðasmára 14
201 Kópavogi
www.focal.is



FRAMSÝNI Í STJÓRNUN MEÐ FOCAL

FOCAL Software & Consulting þróa hugbúnaðarlausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir sem gera miklar kröfur til gæðastjórnunar og stjórnunar innri ferla í starfsemi.

Meginstarfssvið FOCAL eru fjögur; gæðastjórnun, skjalastjórnun, starfsmannastjórnun og markaðs- og sölustjórnun.

Framtíðarsýn og hlutverk FOCAL

er að vera leiðandi í lausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja ná tökum á þessum fjórum sviðum stjórnunar, með hugbúnaði, ráðgjöf eða þjálfun.

Í yfir 10 ár höfum við unnið markvisst að framtíðarsýn okkar. Við bjóðum nú 25 stöðluð FOCAL kerfi og rekum öflugt ráðgjafarsvið ásamt FOCAL gæðastjórnunarskólunum

til þess að uppfylla sem best þarfir viðskiptavina okkar.

Við nálgumst alla ráðgjöf með árangur að markmiði og veitum að sjálfsögðu gjarnan upplýsingar um það hvernig við getum náð árangri með þínu fyrirtæki.

Hörður Olafson
framkvæmdastjóri FOCAL

FOCAL Software & Consulting (Hópvinnakerfi ehf.) var stofnað árið 1995. Ráðgjöf og hugbúnaður FOCAL efla gæðamál og stuðla að skilvirkari og einfaldari stjórnun hjá fyrirtækjum og stofnunum.



Ljósmynd: T. Busch-Christensen



Ljósmynd: Icelandair



Icelandair Group gerði nýlega samning við Nýherja um innleiðingu IBM Workplace umhverfisins hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess.

Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair.

Starfsemi Icelandair Group, eins þekktasta fyrirtækis landsins, krefst þess að upplýsingaflæði sé eins og best verður á kosið. Fyrirtækið samanstendur af móðurfélaginu og 12 dótturfélögum á sviði alþjóðlegs flugreksturs, leiguflugs, flugvélaviðskipta og ferðapjónustu.

„MÖGULEIKARNIR MEÐ IBM WORKPLACE ERU ÓÞRJÓTANDI“

▶ Það er að mörgu að hyggja í uppbyggingu upplýsingakerfa Icelandair Group. Fyrirtækið hefur lagt mikla vinnu í þróun hugbúnaðar sem mætir þörfum mismunandi starfssviða og deilda innan fyrirtækisins.

Nýlega var gerður samningur við Nýherja um innleiðingu IBM Workplace umhverfisins hjá Icelandair Group. Markmiðið með samningnum er að byggja upp notendaviðmót fyrir stjórnendur og starfsmenn og tengja þar inn gögn úr þeim fjölmörgu upplýsingakerfum sem notuð eru í fyrirtækjunum.

HEILSTEYPT LAUSN FYRIR INNRI VEF

Hjörtur Þorgilsson er upplýsingatæknistjóri Icelandair sem er stærsta dótturfyrirtæki Icelandair Group. Fyrsti hluti innleiðingarinnar á IBM Workplace mun fara fram hjá Icelandair.

„Við höfum lagt mikla vinnu í þróun upplýsingakerfa okkar í gegnum árin en vantaði lausn sem gæti tengt þau kerfi sem við vinnum með innanhúss þannig að til yrði

sameiginlegur upplýsingavettvangur fyrir starfsmenn.“

SVEIGJANLEGT OG SKEMMTILEGT UMHVERFI

Í ljósi mikillar reynslu fyrirtækisins af þróun upplýsingakerfa var einn af möguleikum að þróa innri vefinn frá grunni í stað þess að nýta þá möguleika sem fyrir voru á markaðnum.

„Við byrjuðum hins vegar á því að kanna mjög nákvæmlega þær lausnir sem í boði eru. Við komumst að því að nýjustu útgáfur Lotus Notes og IBM Workplace uppfylla allar þær kröfur sem við gerum. Það er komið nýtt blóð í þróunina hjá IBM og það gerir að verkum að lausnirnar frá þeim eru orðnar mjög sveigjanlegar og skemmtilegar,“ segir Hjörtur.

„Þar að auki höfum við verið mjög ánægð með þá ráðgjöf sem Nýherji og IBM hafa veitt okkur í undirbúningnum – það gerði ákvörðunina í raun auðveldu.“

Einn af þeim þáttum sem voru afgerandi í vali Icelandair á IBM Workplace er að viðmótið er þróað

út frá viðurkenndum stöðlum í vefheiminum.

„Sú þróunarvinna sem fram fer þarf að nýtast okkur annars staðar líka. Þar skiptir miklu að lausnirnar samhæfst viðurkenndum stöðlum og IBM sýndi okkur fram á að þeir eru á réttri leið á því sviði.“

ÁNÆGT STARFSFÓLK OG MARKVISS UPPLÝSINGAGJÖF

Innleiðing Workplace umhverfisins hjá Icelandair er hafin og unnið er að undirbúningi og greiningu á þeim vinnustöðum sem fyrstir munu njóta góðs af kerfinu.

„Við höfum forgangsraðað eftir því hvar ávinningurinn af notkun Workplace verður mestur. Fyrsta verkefnið hjá okkur er að innleiða kerfið í síma- og þjónustuveri Icelandair.“

Starfsmenn síma- og þjónustuversins svara fjölbreyttum spurningum varðandi fargjöld, bókun á flugi og þjónustu fyrirtækisins almennt. Svörin er að finna í mismunandi upplýsingakerfum í dag og því mun sameinað viðmót auka skilvirknina í starfsemi til muna.

„Eins og staðan er í dag þurfa

starfsmenn stundum að leita þeirra upplýsinga sem óskað er eftir og hringja svo aftur í viðskiptavininn. Workplace mun gera okkur kleift að kalla fram viðskiptasögu viðskiptavinarins og beina þeim upplýsingum sem viðkomandi óskar eftir til starfsmanna þjónustuversins. Þannig verður vinnuumhverfi þeirra mun þægilegra og upplýsingagjöfin til viðskiptavinarins markvissari.“

VIÐMÓT SEM HENTAR ÖLLUM

Markmiðið með samstarfssamningnum við Nýherja er að allir starfsmenn Icelandair Group geti notað sama viðmót með tímanum. IBM Workplace getur aðlagast þörfum hvers dótturfyrirtækis og deilda innan þeirra.

Hjörtur nefnir flugáhafnir og stjórnendur sem dæmi um aðlögun kerfisins að þörfum ólíkra hópa.

„Stefnan er að færa upplýsingagjöf til áhafna yfir á rafrænt form og auka með því hagræði í samskiptum. Vefgáttin mun þarna gegna lykilhlutverki. Markmiðið er að þar geti áhafnir fundið allar nauðsynlegar upplýsingar er snerta dagleg störf þeirra,

auk annarra upplýsinga um starfsemi félagsins. Með þessu ferum við þennan hóp starfsmanna nær félaginu, þó samskiptin séu í gegnum tölvu frá heimilum þeirra.“

Parfir stjórnenda Icelandair snúa meðal annars að því að fá heildarsýn yfir eigið starfssvið á einfaldan hátt.

„Hugmyndin er að þróa svokallað mælaborðsumhverfi fyrir stjórnendur og yfirstjórn fyrirtækisins. Þar verða þær lykiltölur sem skipta viðkomandi stjórnanda mestu máli birtar á skemmtilegan hátt. Stjórnandinn þarf ekki að kafa ofan í kerfið til þess að finna tölurnar sjálfur og því mun þessi lausn létta álagið og auðvelda þeim störf sín,“ segir Hjörtur.

VÍÐTÆK ÁHRIF Á STARFSEMINA

Hjörtur bendir á að innleiðing Workplace umhverfisins snúist ekki eingöngu um tækni heldur eigi hún eftir að hafa vídtæk áhrif á starfsemi Icelandair.

„Ég sé fram á að innleiðing IBM Workplace eigi eftir að þróa það lifandi og virka vinnuumhverfi sem við störfum í enn frekar. Það er að sjálfsögðu okkar að tryggja að við



Ljósmyndun: T. Busch-Christensen

Markmiðið með innleiðingu IBM Workplace er að tengja upplýsingar úr þeim fjölmörgu upplýsingakerfum sem notuð eru hjá Icelandair Group í eitt viðmót.

nýtum möguleika kerfisins til hins ýtrasta en ég held að það eigi eftir að koma enn betur í ljós hversu mikill ávinningurinn getur orðið.

Að mínu mati eru möguleikarnir með IBM Workplace óþrjótandi.“

Texti | Páll Tómas Finnsson

IBM WORKPLACE HÓPVINNULAUSN ICELANDAIR

Byggir á Lotus Notes og IBM Workplace

Lausn

- Samræmd vefgátt fyrir móður- og dótturfélög
- Aðlögun að hverju fyrirtæki og deildum innan þeirra
- Þróun samkvæmt viðurkenndum stöðlum
- Tenging við önnur upplýsingakerfi
- Sameiginlegur upplýsingagrundvöllur

Helstu kostir

- Samræmt viðmót fyrir alla starfsmenn
- Bætt aðgengi að upplýsingum
- Eitt viðmót í stað margra áður
- Skilvirkari þjónusta við viðskiptavinum
- Markvissari upplýsingagjöf til starfsmanna
- Miklir þróunarmöguleikar



NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÝHERJA OG IBM HUGBÚNAÐ

Jón Gunnar Björnsson
Vörustjóri IBM hugbúnaðar
Sími: 569 7700
Netfang: jon.g.bjornsson@nyherji.is

Nýherji
Borgartúni 37
105 Reykjavík
www.nyherji.is

ÞEKking OG ÞJÓNUSTA Í FYRIRRÚMI

Undanfarin ár hefur Nýherji fjárfest verulega í nýrri þekkingu starfsmanna og þróun á hugbúnaðarlausnum og þjónustu frá IBM. Fjárfestingarnar hafa skilað sér í sífellt auknum áhuga á lausnum IBM og þjónustar Nýherji í dag hundruð fyrirtækja á þessu sviði.

„Viðskiptaumhverfi nútímans krefst vandaðrar ákvörðunartöku í alla staði. Réttar ákvarðanir byggja á réttum upplýsingum sem liggja fyrir á réttum tíma og það er kjarninn í hugbúnaðarlausnum IBM. Lausnirnar stuðla að auknu flæði og samnýtingu upplýsinga, hraðari samskiptum og aukinni samvinnu starfsmanna, ávallt með öryggið í fyrirrúmi,“ segir Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.

„Við vitum að traust þjónusta skiptir öllu máli og kappkostum því að veita hana í alla staði. Við njótum mjög góðra tengsla okkar við IBM sem við höfum átt náð samstarf við í áratugi. Tengslin gera að verkum að sérfræðingar Nýherja hafa einnig aðgang að gríðarlegri þekkingu og reynslu IBM við lausn hvers verk efna. Það tryggir viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu hverju sinni,“ segir Þórður.

Nýherji hefur hafið sókn með Lotus og Websphere og nýtur fjöldi viðskiptavina fyrirtækisins góðs af lausnunum. Nýjum notendum hefur fjölgað verulega og jókst sala Nýherja á Lotus Notes um 50% á síðasta ári.

Lausnirnar frá IBM eru í sífelldri þróun og á næstu vikum er væntanleg ný útgáfa af Lotus Notes. „Við erum mjög spennir yfir nýju útgáfunni sem er í raun



Ljósmyndun: T. Busch-Christensen

„Lotusphere kemur til þín“ býður upp á ítarlega kynningu á kostum og nýjungum IBM hugbúnaðar, að sögn Þórðar Sverrissonar, forstjóra Nýherja.

umblyting á hugbúnaðinum og inniheldur fjölmargar nýjungar. Allt viðmót hefur verið endurhannað og boðið er upp á fullan stuðning við Pdf og Open Office skjalasnið,“ segir Þórður.

Þann 22. mars stendur Nýherji, í samstarfi við IBM, Hugvit og Focal, fyrir ráðstefnunni „Lotusphere kemur til þín“. Þar munu sérfræðingar IBM segja frá nýjum útgáfum hugbúnaðarlausna IBM og kynna helstu nýjungar sem fram komu á Lotusphere í Orlando í janúar.

150 manns, viðs vegar að úr atvinnulífnum, tóku þátt í ráðstefnunni í fyrra og heppnaðist hún mjög vel. „Okkur er sönn ánægja

að endurtaka leikinn og gefa viðskiptavinum og öðrum tækifæri á því að kynna því nýjasta í hugbúnaðarlausnum IBM,“ segir Þórður. Boðið verður upp á fyrirlestra um Lotus og gefst þátttakendum kostur á að ræða við sérfræðinga og aðra notendur um tækifærin sem felast í lausnunum.

„Við hvetjum áhugasama til þess að hafa samband og kanna hvernig þeir geta náð betri árangri með aðstoð Nýherja og IBM. Ráðstefnan þann 22. mars er góður vettvangur til þess, bæði fyrir nýja og núverandi notendur,“ segir Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.

Texti | Páll Tómas Finnsson

NÝHERJI – ÖFLUGUR ÞJÓNUSTUADILI IBM

Viðskiptaumhverfi nútímans er síbreytilegt og það getur skipt sköpum fyrir rekstur fyrirtækja hvernig þau bregðast við breytingum. Hugmyndarfræðin að baki IBM hugbúnaðinum tekur þessa hugsun skrefinu lengra. Hún byggir á því að fyrirtækin láti sér ekki nægja að bregðast við breytingum, heldur stuðli að þeim til þess að tryggja forskot á samkeppnisaðila sína.

SÉRFRÆÐINGAR TIL TAKS

Nýherji hefur viðamikla reynslu í þróun, uppsetningu og viðhaldi á hugbúnaðarlausnum byggðum m.a. á Lotus Notes og Websphere. Nýherji getur séð um innleiðingarferlið í heild sinni, allt frá þarfagreiningu og undirbúningi til

innleiðingar kerfa og fræðslu í notkun þeirra.

Nýherji hefur einhverja helstu sérfræðinga landsins innan sinna raða og getur þar að auki leitað til 330 þúsund starfsmanna IBM ef þörf er á. Nýherji er því traustur samstarfsaðili í innleiðingu IBM lausna hjá íslenskum fyrirtækjum.

IBM ÞRÓAST MEÐ ÞÉR

IBM lausnir Nýherja stuðla að skilvirkri þekkingarstjórnun og árangursríkum samskiptum. Notendum er gert kleift að deila með sér hugmyndum, vitneskju og skjölum í gagnvirku umhverfi og því eru lausnirnar upplagðar til hópinnu. Þessir eiginleikar hugbúnaðarins gera fyrirtækjunum kleift

að nýta mannauð sinn til fulls.

Lotus og Websphere lausnir eru notaðar í öllum geirum atvinnulífsins og henta bæði stórum og smáum fyrirtækjum. Þær byggja á opnum og viðurkenndum stöðlum sem einfalda tengingar við kerfi sem fyrir eru og stuðla að nýsköpun í áframhaldandi þróun. Kerfin geta því vaxið í takt við vöxt viðkomandi fyrirtækja.

FJÖLDI REKSTRARLAUSNA

Nýherji býður mikið úrval hug- og vélbúnaðar en fyrirtækið tekur einnig að sér rekstur tölvukerfa, í heild eða að hluta. Nýherji getur því boðið hagkvæmar rekstrarlausnir sem henta öllum tegundum fyrirtækja.

Texti | Páll Tómas Finnsson

„Það má segja að GoPro málaskráin hafi sömu þýðingu fyrir ráðuneytin og afgreiðslukerfin hafa fyrir bankana. Ef afgreiðslukerfið virkar ekki, þá virkar bankinn ekki, svo einfalt er það,“ segir Guðmundur H. Kjærnested, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga.



Ljósmynd: T. Busch-Christensen

Íslendingar eru meðal fremstu þjóða í nýtingu tölvu- og upplýsingatækni í stjórnsýslu. Rafrænt mála- og skjalastjórnunarkerfi sem notað er í starfsemi ráðuneyta, sendiráða og annarra opinberra stofnana er afrakstur þróunarsamstarfs stjórnvalda og Hugvits síðustu tólf árin. Kerfið byggir á GoPro Professional og IBM Lotus Notes.

STJÓRNVÖLD OG GOPRO Í FARARBRÖDDI

► Nýjasta viðbótin við tölvu-kerfi Stjórnarráðsins er innri vefur sem þróaður hefur verið út frá IBM Workplace hópinnulausn.

MIKILVÆGUR HLEKKUR

„Það má segja að GoPro málaskráin hafi sömu þýðingu fyrir ráðuneytin og afgreiðslukerfin hafa fyrir bankana. Ef afgreiðslukerfið virkar ekki, þá virkar bankinn ekki, svo einfalt er það,“ segir Guðmundur H. Kjærnested, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga sem sér um rekstur tölvukerfa Stjórnarráðsins.

„Málaskráin heldur utan um þann fjölda erinda og bréfa sem berast ráðuneytum. Öll gögn varðandi hvert mál eru geymd á rafrænu formi á einum stað í skránni. Starfsmenn og stjórnendur sem að málinu koma geta því fengið fulla yfirsýn á einfaldan hátt og hægt er að rekja öll samskipti.“

Aðgengi er einnig stýrt í GoPro og Workplace innri vefnum. Hægt er að veita starfsmönnum og sérfræðingum aðgang að hverri málaskrá fyrir sig og að einstökum málum.

„GoPro málaskráin er stjórnunartæki sem eflir starfsemi okkar mikið – það er engin spurning,“ segir Guðmundur.

Málaskráin mun einnig leysa ákveðin plássvandamál. „Pappír-

flóðið er að sprengja veggina utan af Þjóðskjalasafninu vegna þess skjalamagns sem því ber að geyma. Við vinnum því að tilraunaverkefni í augnablikinu sem hefur það að markmiði að skjölum til Þjóðskjalasafnsins verði skilað á rafrænu formi innan skamms. Lausn þessi verður stöðluð fyrir rafræn skil frá GoPro kerfinu til Þjóðskjalasafns Íslands.“

AUKIÐ UPPLÝSINGAFLÆÐI AÐVÉLDAR SAMVINNU

Hvatinn að innleiðingu GoPro og IBM Workplace vefumhverfisins var að auka upplýsingaflæði í ráðuneytum með öflugum innri vef og að búa til vettvang fyrir sameiginleg verkefni ráðuneytanna og nefnda þeim tengdum.

„Eitt af skilyrðunum var að innri vefurinn gæti tengst þeim tölvukerfum sem fyrir voru. Workplace tengist málaskránni og öðrum tölvukerfum okkar og því veitir vefurinn starfsmönnum ráðuneytanna og samstarfsmönnum þeirra aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum á einum stað. Innri vefurinn er jafnframt tengdur þjóðskránni og innan skamms verða fjárhagsupplýsingar frá kerfum Fjársýslu ríkisins aðgengilegar þar einnig.“

Lausnin hefur því skapað sameiginlegan samskiptavettvang sem nýtist vel í hópinnu, hvort sem

er innan einstakra ráðuneyta, milli ráðuneyta eða með þátttöku fólks annars staðar að úr atvinnulífinu.

SKILGREINING VERKFERLA

Í GoPro og Workplace er hægt að samræma vinnu notendanna með hjálp vel skilgreindra verkferla. Verið er að þróa þann hluta kerfisins enn frekar.

„Stjórnarráðið og GoPro vinna nú að tilraunaverkefni með svokallaða fasa, þ.e. fyrirfram skilgreind skref sem öll mál fara í gegnum. Í hverjum fasa verður hægt að nálgast viðeigandi verklagsreglur og leiðbeiningar. Þannig skapast fastari farvegur fyrir málin, án þess þó að málaskráin stýri starfsmönnum.“

STÖÐUG ÞRÓUN

Guðmundur lýsir ánægju sinni með möguleikana á því að taka þátt í þróun GoPro og Workplace:

„Við vinnum stöðugt að því að bæta notendaviðmótið og tengingar við önnur kerfi, t.d. milli GoPro og ritvinnsluforrita. Nýlega tókum við þátt í Lotusphere ráðstefnu IBM í Orlando þar sem kynntar voru veigamiklar breytingar sem eiga eftir að efla kerfin okkar enn frekar. Það eru því mjög spennandi tímar framundan,“ segir Guðmundur H. Kjærnested.

Texti | Páll Tómas Finnsson

„Nýlega tókum við þátt í Lotusphere ráðstefnu IBM í Orlando þar sem kynntar voru veigamiklar breytingar sem eiga eftir að efla kerfin okkar enn frekar. Það eru því mjög spennandi tímar framundan,“ segir Guðmundur H. Kjærnested, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags stjórnarráðsbygginga.

GOPRO LAUSN STJÓRNARRÁÐSINS

GoPro málaskráin byggir á GoPro Professional, Lotus Notes og IBM Workplace Collaboration

Lausn

- Málastjórnun
- Rafræn skjalastjórnun
- Skjölun allra samskipta
- Skilgreining og meðferð verkferla
- Samræmd vefgátt fyrir ráðuneytin
- Samþætting við innri upplýsingakerfi

Helstu kostir

- Full yfirsýn yfir öll mál
- Hægt að rekja öll samskipti og gögn
- Auðveld stjórnun aðgengis að upplýsingum
- Þörf á skjalageymsluplássi minnkar
- Góð tenging við tölvukerfi sem fyrir voru
- Þægilegt vefviðmót
- Bætt aðstaða til hópinnu og nefndarstarfa



NÁNARI UPPLÝSINGAR UM HUGVIT OG GOPRO

Sveinn S. Hannesson
Deildarstjóri ráðgjafardeildar
Sími: 510 3100
Netfang: sveinnh@gopro.net

Hugvit
Skútuvogi 1b
104 Reykjavík
www.hugvit.is



Lögfræðistofan Fulltingi var stofnuð árið 2000. Helstu starfssvið Fulltingis eru skaðabóta- og váttryggingaréttur og almenn lögfræðipjónusta við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög.

HÁRRÉTT ÁKVÖRÐUN AÐ INNLEIÐA GOPRO

Fulltingi byggir á gömlum grunni þar sem fyrirtækið varð til við sameiningu lögfræðistofanna Lögvisis og Lögsögu. Fljótlega eftir sameiningu var ákveðið að taka Lotus Notes frá IBM í notkun og innleiða mála- og skjalastjórnunarkerfi GoPro í starfsemi.

Starfsmenn fyrirtækisins voru á þessum tíma tíu en nálgast nú 30 manns og hefur GoPro hugbúnaðurinn haft stóru hlutverki að gegna í vexti síðustu ára. Óðinn Elísson er héraðsdómslögmaður og einn eigenda Fulltingis. Hann segir hér frá þeim kostum sem innleiðing Lotus Notes og GoPro hefur haft í för með sér.

STARFSEMIN BYGGIR Á TRAUSTI VIÐSKIPTAVINA

„Í okkar fagi skiptir traust viðskiptavina öllu máli. Þeir þurfa að geta reitt



GoPro hugbúnaðurinn skilar Fulltingi mikilli framleiðniaukningu að sögn Óðins Elíssonar.

sig á það að við fylgjum þeirra málum eftir af festu og að vel sé haldið utan um öll gögn,“ segir Óðinn.

Áður en Fulltingi hóf innleiðinguna á GoPro voru gögn geymd í möppum hjá hverjum starfsmanni fyrir sig.

„Nú er þau hins vegar að finna miðlægt í fyrirtækinu þar sem allir viðskiptavinir og mál eru skráð í GoPro. Við lítum svo á að það sé sjálf-sagður réttur viðskiptavina okkar að vera vel upplýstir um stöðu sinna mála og með GoPro er öll slík yfirsýn mjög aðgengileg. Það hækkar þjónustustigið gagnvart viðskiptavinum okkar mikið,“ segir Óðinn.

GoPro er mikilvægt öryggistæki varðandi framvindu þeirra mála sem Fulltingi starfar að. Kerfið veitir starfsmönnum yfirlit yfir þau mál sem þeir þurfa að sinna á hverjum tíma og tryggir þannig að eftirfylgni sé í réttum farvegi.

REKJANLEIKI OG STÖÐLUÐ SKJÖL
Öll skjöl eru skönnuð inn í GoPro og tengd þeim málum sem þau varða. Því er hægt að skoða samskipti sem fram hafa farið og fá yfirlit yfir það hvernig málin hafa gengið fyrir sig.

GoPro-lausnin býður einnig möguleika á því að kalla fram fjölda staðlaðra skjala sem algengt

er að nota þurfi í starfsemi. Sem dæmi má nefna erindi þar sem óskað er eftir upplýsingum varðandi ákveðin mál frá t.d. tryggingafélögum, Tryggingastofnun, öðrum opinberum aðilum og einka-aðilum.

„Í þessu felst mikið hagræði fyrir starfsmenn og einnig samræmir þetta þau vinnubrögð sem viðhöfð eru,“ segir Óðinn.

MIKIL FRAMLEIÐNIAUKNING

Að sögn Óðins auðveldar GoPro alla vinnu starfsmanna og má sjá talsverðan mun á afköstum um leið og þeir hafa haft tækifæri til þess að tileinka sér notkun hugbúnaðarins.

„Viðmótið í GoPro er uppbyggt á einfaldan og rökrænan hátt og því eru nýir starfsmenn fljótir að komast upp á lagid með notkun kerfisins.“

Ýmis tölfræði sem lýtur að rekstri Fulltingis er aðgengileg í GoPro og þar kemur skýrt fram hversu mikil áhrif lausnin hefur á rekstur fyrirtækisins.

„Það er svo sem ekki hægt að mæla nákvæmlega hversu mikilli framleiðniaukningu notkun GoPro skilar Fulltingi. Hins vegar er enginn vafi á því að GoPro bætir afköst alls staðar í fyrirtækinu og ég myndi segja að framleiðniaukningin væri minnst 30%. Það sér því hver

maður hversu mikið hagræði skapast í rekstrinum á þennan hátt,“ segir Óðinn.

HÁRRÉTT ÁKVÖRÐUN

„Það var hárrétt ákvörðun hjá okkur á sínum tíma að innleiða GoPro í starfsemi. Þegar maður hefur reynt kosti svona tækis er engin

leið til baka. Kerfið er mikilvægur hluti af starfsemi og eykur bæði afköst og öryggi í öllu sem við gerum,“ segir Óðinn Elísson, einn eigenda Fulltingis.

Texti | Páll Tómas Finnsson

GOPRO LAUSN FULLTINGIS

Miðlæg mála- og skjalastjórnunarlausn byggð á GoPro Professional og IBM Lotus Notes

Lausn

- Málástjórnun
- Skjölnun samskipta og vinnuskjala
- Skilgreining og meðferð verkferla
- Skráning á ábyrgðarmönnum verkefna
- Skráning á dagsetningum tengdum málarekstri
- Tölfræðilegar upplýsingar um rekstur

Helstu kostir

- Full yfirsýn yfir öll mál umbjóðenda
- Hægt er að rekja öll samskipti og gögn
- Auðveld stjórnun aðgengis að upplýsingum
- Markviss upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Yfirlit yfir eftirfylgni mála
- Aukin skilvirkni



NÁNARI UPPLÝSINGAR UM HUGVIT OG GOPRO

Jón Alvar Sævarsson
Markaðsstjóri GoPro
Sími: 510 3100
Netfang: jonalvar@gopro.net

Hugvit
Skútuvoði 1b
104 Reykjavík
www.hugvit.is

ÍSLENSKT HUGVIT UM ALLA EVRÓPU

Hugvit er íslenskt hugbúnaðar fyrirtæki sem þróar skjala- og málstjórnunarlausnir og verkferlalausnir undir merkinu GoPro. Við erum mjög stolt af þeim árangri sem fyrirtækið hefur náð síðustu ár, bæði á Íslandi og víða um Evrópu.

GoPro er leiðandi hugbúnaður á Íslandi og meðal viðskiptavina okkar hér á landi eru öll íslensku ráðuneytin, Reykjavíkurborg, stærstu háskólar landsins og öflug fyrirtæki eins og Samskip, BM Vallá og Icelandair, svo einhver sé nefnd.

Jafnframt því að sinna þörfum

íslenskra fyrirtækja og stofnana varðandi skjala- og viðskiptatengslastjórnun höfum við frá upphafi unnið ötulllega að útflutningi hugbúnaðar okkar. Viðtökurnar erlendis hafa verið frábærar og er GoPro í dag einn stærsti birgji hugbúnaðarlausna fyrir höpunnakerfi í skjalastjórnun í Evrópu. Stórar stofnanir og fyrirtæki, eins og t.d. Lundúnalögreglan, Oxford háskóli og OMX kauphöllin í Tallinn eru meðal þeirra sem nota GoPro hugbúnaðinn við góða raun. Leyfi til notkunar á GoPro kerfunum sem seld hafa verið eru nú um 100.000

og tryggir það viðskiptavinum okkar áframhaldandi þróun og þjónustu.

Slíkar vinsældir koma ekki af sjálfu sér. Ástæðan fyrir þeim árangri sem Hugvit hefur náð með GoPro er að við bjóðum geysilega öflugar mála- og skjalastjórnunarlausnir. Lausnir sem uppfylla allar kröfur nútíma fyrirtækja og stofnana og eru þar að auki einfaldar í notkun.

Hugvit hefur frá upphafi átt í góðu samstarfi við IBM og byggt lausnir sínar á Lotus Notes stöðkerfunum. Á þessum síðum má lesa um lausnir sem við höfum þróað

fyrir Stjórnarráð Íslands og lögfræðistofuna Fulltingi.

Öll þróunarvinna fer fram í nánú samstarfi við viðskiptavini okkar og það er sú reynsla sem gerir okkur kleift að bjóða þér þá mála- og skjalastjórnunarlausn sem hentar þínu fyrirtæki.

Við hvetjum þig til að vera í sambandi og fá kynningu á þeim fjölmörgu nýjungum sem við hjá GoPro erum að kynna um þessar mundir.

Ólafur Daðason
forstjóri Hugvits



Ljósmynd: T. Busch-Christensen



IP símkerfi Landspítala-háskólasjúkrahúss er tengt við dagbókakerfi stofnunarinnar með Lotus Domino Unified Communications frá IBM.



Ljósmyndun: T. Busch-Christensen

„Notendafjöldinn gerir það að verkum að allar bilanir geta kostað dýrmætan tíma margra starfsmanna. Við metum því öryggið í Lotus Notes mikils,“ segir Björn Jónsson, sviðsstjóri upplýsingasviðs Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Með rétt um 5000 starfsmenn er Landspítali-háskólasjúkrahús stærsti vinnustaður landsins. Starfsemin fer fram á 25 starfsstöðvum sem dreifðar eru víða um Reykjavík.

YFIR MILLJÓN SKEYTI Á MÁNUÐI

▶ Samskiptin á vinnustað af þessari stærðargráðu eru fjölþætt og hefur Lotus Notes tölvupóst- og dagbókakerfi sjúkrahússins mikilvægu hlutverki að gegna. Griðarlegt magn tölvupósts fer um kerfið á degi hverjum og þar að auki heldur það utan um allt frá dagbókum starfsmanna til bókanar á fundarsölum, bílum og öðrum búnaði á starfsstöðvum stofnunarinnar.

Landspítali-háskólasjúkrahús hefur til fjölda ára reitt sig á Lotus Notes til þess að tryggja örugga gagnageymslu og snurðlaus tölvupóstsamskipti. Nýherji sá um uppsetningu kerfisins og sinnir eftirliti með rekstri þess í nánú samstarfi við starfsmenn Landspítala-háskólasjúkrahúss. Gæða- og skjalavistunarkerfi stofnunarinnar eru einnig byggð á IBM Lotus lausnum.

UM 4000 SKRÁÐIR NOTENDUR

Björn Jónsson er sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs Landspítala-háskólasjúkrahúss.

„Við erum með um 4000 skráða notendur sem allir eru háðir því að notkun dagbóka og tölvupóstsamskipti gangi fyrir sig án vandkvæða. Það er lítið á það sem sjálfsgagt mál í dag að fyrirtæki og stofnanir búi yfir öflugum samskiptaneti en það má segja að mikilvægi þess komi enn betur í ljós þegar notendurnir eru þetta margir,“ segir Björn.

Dagbókakerfið í Lotus Notes auðveldar alla skipulagningu á samvinnu innan stofnunarinnar, sérstaklega á milli starfsstöðva og deilda. Auðvelt er að samræma tíma- setningar og staðsetningar funda, ásamt því að mögulegt er að taka frá ýmsan búnað og tæki í kerfinu. Lotus Notes eykur því skilvirkni í fundarboðun og samvinnu innan stofnunarinnar.

TENING VÍÐ IP SÍMKERFI

Dagbókakerfið er tengt beint við IP símkerfi stofnunarinnar. Lausnin byggir á Lotus Domino Unified Communications frá IBM og var þróuð í samvinnu við Nýherja. Beintengingin við símkerfið auðveldar meðal annars upplýsingagjöf um viðveru starfsmanna.

„Um leið og starfsmenn skrá fráveru eða fundarsetu í dagbók eru símtöl send beint til skipti- borðs. Starfsmaðurinn sleppur því við ónæði af símanum og sá sem hringir fær greinargóðar upplýsingar um hvenær starfsmaðurinn er viðlátinn.“

Lotus DUC lausnin býður upp á möguleika á því að starfsmenn geti nálgast öll skilaboð, hvort sem um er að ræða netpóst, símaskilaboð eða fax, í tölvupóstkerfinu. Skilaboðin eru því aðgengileg alls staðar þar sem starfsfólk hefur aðgang að netpósti. Lausnin hefur talsverðan sparnað í för með sér þar sem

sérstakur símsvörunarbúnaður og faxtæki verða óþörf.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Tölvupósturinn er mikilvægt verkfæri í fjölbreyttum vísindastörfum sem fram fara í samstarfi við aðila innan og utan stofnunarinnar.

„Nær allir okkar læknar eru að einhverjum hluta menntaðir erlendis og tengsl okkar við útlönd eru mjög sterk. Við stundum vísindastörf í nánú samstarfi við erlendar stofnanir og fræðimenn og þar er tölvupósturinn lykilatriði þegar senda þarf viðkvæmar upplýsingar eða mikilvæg skjöl.“

Tölvupóstur hefur einnig leyst af venjulegar póstsendingar í tengslum við aðgerðir sjúklinga erlendis. Gögn um sjúklinginn eru nú send á rafrænu formi og flýtur það undirbúningsferlinu til muna.

„Í slíkum tilfellum getur verið afgerandi að upplýsingarnar nái fram á skjótan og öruggan hátt,“ segir Björn Jónsson.

MIKIÐ ÖRYGGI MEÐ LOTUS DOMINO

Tölvukerfi Landspítalans-háskólasjúkrahúss þarf að standast mikið álag og sem dæmi má nefna að fjöldi tölvupósta fer hæglega yfir milljón skeyti á mánuði. Mikilvægt er að starfsmenn geti treyst á pósterfið og er því lögð áhersla á að öll öryggismál séu í lagi.

„Öll okkar kerfi eru geymd á fleiri en einum Lotus Domino netþjóni til þess að koma í veg fyrir að gögn tapist ef eitthvað kemur upp á. Ef einn netþjónanna bilar tekur sá næsti við og þannig verða notendur kerfisins ekki einu sinni varir við bilunina,“ segir Björn.

„Notendafjöldinn gerir það að verkum að allar bilanir geta kostað dýrmætan tíma margra starfsmanna. Við metum því öryggið í Lotus Notes mikils,“ segir Björn Jónsson, sviðsstjóri upplýsingasviðs Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Texti | Páll Tómas Finnsson

LAUSN NÝHERJA FYRIR LANDSPÍTALA-HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Tölvupóst- og dagbókakerfi, tengd við IP símkerfi stofnunarinnar ásamt IBM Quickplace hópinnulausn. Byggir á Lotus Notes og Lotus Domino Unified Communication Services

Lausn

- Sameiginlegt net fyrir 25 starfsstöðvar
- Tölvupóst- og dagbókakerfi með 4000 notendur
- Beintenging tölvupóst- og dagbókakerfis og IP símkerfis
- Vefumhverfi til hópinnu og verkefnastjórnunar
- Tvöfalt netþjónakerfi sem tryggir öryggi

Helstu kostir

- Samhæfing í viðamikilli starfsemi
- Öflugt samskiptanet fyrir alla starfsmenn
- Hagræði af tengingu við IP símkerfi
- Skilvirkari upplýsingagjöf
- Bættir samskiptamöguleikar í verkefnavinnu



NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÝHERJA OG IBM HUGBÚNAÐ

Jón Gunnar Björnsson
Vörustjóri IBM hugbúnaðar
Sími: 569 7700

Netfang: jon.g.bjornsson@nyherji.is

Nýherji
Borgartúni 37
105 Reykjavík

www.nyherji.is

grunni

í för með hópi blaðamanna eimur dögum.

fyrir því var meðal annars brotthvarf stóru lyfjafyrirtækjanna og breytt viðhorf fjárfesta sem sáu hag í því að styrkja líftækni-geirann. Mörg fyrirtæki fóru hins vegar fram af meira kappi en forsjá og heyra mörg þeirra nú sögunni til. En línan var lögð og nutu mörg þeirra stuðnings af þeim þekkingarþyrpingum sem þá voru þegar komnar til sögunnar. Þyrpingarnar efldust enn frekar eftir því sem fleiri fyrirtæki urðu sögunni að bráð enda leituðu þau styrks hvert hjá öðru.

Þyrpingar sem þessar eru langt í frá sérþekkt fyrirtæki enda benti Solomon á að sambærilegan stuðning við sprotafyrirtæki í þekkingargeiranum væri að finna víða við helstu þéttbýlisstaði í Evrópu. Sérstaklega nefndi hann París og Lyon í Frakklandi, Kaupmannahöfn í Danmörku, Lund í Svíþjóð auk þess sem einhver væri að finna í Sviss. Eftirtektarvert væri hins vegar hversu mörg þekkingarþop væru í nágrenni Cambridge. Slíkur fjöldi ætti engan sinn líka nema ef vera skyldi í Bandaríkjunum. „Og jafnvel þar er líka Cambridge,“ sagði hann á léttum nótum og benti á heimskort þar sem helstu þekkingarþyrpingar heimsins voru merktar á.

SPRENGING Í LÍFTÆKNIGEIRANUM

Nýsköpunarfyrirtækjum í líftækni í nágrenni Cambridge hefur snarfjölgað á þeim tæpu 30 árum sem liðin eru síðan þau fyrstu litu dagsins ljós. Í dag eru hvorki fleiri né færri en 230 líftækniyrirtæki af öllum stærðum og gerðum í nágrenni Cambridge sem vinna í nánú samstarfi við 30 stofnanir, háskóla á svæðinu og bresku heilsugæsluna. Fer þeim fjölgandi ef eitthvað er, að mati Solomons sem benti á að 30.000 einstaklingar hefðu lifibrauð sitt af líftækniöðunum með einum eða öðrum hætti í námunda við Cambridge. Þar af væru 13.000 manns á launaskrá hjá fyrirtækjunum.

Mörg fyrirtæki í líftækni á Cambridge-svæðinu eru æði fámenn, með allt frá einum til fjögurra starfsmanna. Flest þeirra eru hins vegar með fimm til nítján starfsmenn og var vöxtur þeirra hlutfallslega mestur á ársgrundvelli í fyrra. Stærstu fyrirtækin



KING'S COLLEGE Í CAMBRIDGE Uppbygging sprotafyrirtækja í líftækniöðnaði hefur verið markviss og hröð í og við Cambridge á Englandi á síðastliðnum þrjátíu árum. Flest líftækniyrirtækjanna eru lítil með fimm til nítján starfsmenn.

eru svo með á bilinu 20 til 49 starfsmenn. Þegar fyrirtæki eru komin með svo marga starfsmenn eru þau iðulega með rótgrónari rekstrargrundvöll og með reglulegri veltu en þau smærri, að sögn Solomons.

STUTTUR LÍFTÍMI

Menn voru á einu máli um að starfsemi líftækniyrirtækja væri áhætturekstur. Rannsóknir og þróun á lyfjum og tækjabúnaði tæki langan tíma, stundum allt upp undir rúman áratug, og þyrftu fyrirtæki einatt að horfa á eftir miklu fjármagni áður en árangurinn skilaði sér. Ef hann þá gerði það.

Dr. Hamish Cameron, einn af stjórnendum bresk-sænskalyfjafyrirtækisins AstraZeneca, tók undir með Solomon og sagði menn geta jafnvel gert ráð fyrir því að heill starfsferill gæti farið í þróun lyfja án þess að sjá þau nokkurn tíma koma á markað. Flestum mistækjust áætlunarverk sitt, að hans sögn.

Cameron bætti því hins vegar við að breskum líftækniyrirtækjum hefði farnast ágætlega enda sé fimmtungur hundrað mest seldu lyfja á heimsvísu upprunninn í Bretlandi.

Solomon hnykkti enn frekar á áhættuþættinum í rekstri nýsköpunarfyrirtækja í líftækniöðnaði. Áhættan ætti ekki einasta við bresk fyrirtæki heldur flest í greininni. Hann sagði áhættuna gera það að verkum að líftími fyrirtækja væri tiltölulega stuttur miðað við fyrirtæki í öðrum greinum. Fyrirtækin skiluðu iðulega ekki hagnaði og sigldu því mörg þeirra í strand þegar fjármagnið væri uppuríð. „Þetta er áhættustarf,“ sagði hann en róaði blaðamenn með því að fyrirtæki í greininni væru ætíð á höttunum eftir fólki með sérfræðimenntum og því þyrftu þeir sem hefðu misst vinnuna vegna gjaldþrots líftækniyrirtækja ekki að örvænta því miklar líkur væru á því að fólk myndi starf við hæfi innan þriggja mánaða.

Miðstöð líftækni í Bretlandi

Ein af mikilvægari miðstöðvum nýsköpunarfyrirtækja í líftækni í Bretlandi er án nokkurs efa Biocity-þyrpingin í Nottingham.

Saga BioCity er um margt ein-kennandi fyrir sambærilegar þyrpingar fyrirtækja í nýsköpun í líftækni. Þýska risasamstæðan BASF (Badische Anilin- und Soda-Fabrik), eitt stærsta fyrirtæki í heimi á sviði efnaframleiðslu, starfrækti þar efnaframleiðslu og rannsóknir á árum áður líkt og víðar í Evrópu en vatnaskil urðu árið 2001 þegar ákveðið var að flytja starfsemi á brott. Til að forða húsaþyrpingunni frá því að standa auð var ákveðið að gefa hana Háskólanum í Nottingham, en þetta mun hafa verið einhver stærsta gjöf sem nokkrum háskóla hefur hlotnast fyrir fyrirtæki.

Að sögn Miröndu Knaggs, markaðs- og upplýsingafulltrúa BioCity, myndaðist nokkuð tómarúm í líftækniöðnaði þegar BASF skildi við. Húsið var hins vegar í mjög góðu ástandi með fullkomnum tækjum til rannsókna og efnaframleiðslu. Báðir háskólarnir í Nottingham tóku höndum saman ásamt þróunarstofnun byggðarinnar og hófu að bjóða sprotafyrirtækjum á sviði líftækni aðstöðu í húsinu. Fyrirtækjunum hefur fjölgað jafnt og þétt og lítur nú út fyrir að þyrpingin verði ein sú stærsta sinnar tegundar í Evrópu á næstu árum, að sögn Miröndu, sem benti á að enn væri verið að fjölga fyrirtækjum í þyrping-

unni. Ekki skiptir máli hvar í heimilum fyrirtækja er stöð.

Hún tók ímyndað dæmi: Hefði íslenskt fyrirtæki hug á að sækja inn á breskan markað væri nóg að sækja um aðild að þyrpingunni. Fyrirtækið þyrfti að greiða 65 bresk pund, rúmar 8.500 íslenskar krónur, á mánuði. Fyrirtækið þyrfti hins vegar hvorki að flytja höfuðstöðvar sínar til Bretlands né opna skrifstofu þar því fyrir peningana fengist fyrirtækið skráð í Bretlandi. Allur póstur þess bærast til BioCity auk þess sem símsvörur færi fram þar áður en símtöl væru áframsend til Íslands. Þá fá fyrirtæki sem greiða gjaldið jafnframt fullkoma aðstöðu í þyrpingunni þegar fundar þarf með

bresku m aðilum.




Þetta litla skref opnar talsverða möguleika fyrir líftækniyrirtæki sem nýta sér möguleika BioCity því skráningin opnar þeim aðgang að breskum sjóðum og öðrum stuðningi, að sögn Knaggs.

Þyrpingin í BioCity samanstendur af þremur háhúsum. Tvö þeirra eru fullmótað en í sífelldri þróun. Vinna er í fullum gangi við standsetningu þriðja hússins. Í báðum húsum sem eru tilbúin er fullkomin aðstaða til rannsókna í líftækni og var verið að leggja lokahönd á aðstöðu til að framkvæma lyfjaprófanir á fasa tvö í einu húsa þegar blaðamaður Markaðarins var þar á ferð. Er stefnt að því að lyfjaprófanir á fasa þrjú geti farið þar fram á næstu árum.

Fyrirtækin í BioCity eru af öllum stærðum og gerðum, allt frá því að vera fámenn og einbeita sér að krabbameinsleit í hundum og öðrum gæludýrum til nokkru stærri fyrirtækja sem meðal annars þróa vaxtarhormón fyrir börn.

Eitt fyrirtækjanna, Eminate, hafði landað samningi við japönsku samstæðuna Honda, sem auk bíla framleiðir matvæli, daginn áður

BIOCITY Í NOTTINGHAM Eitt húsa þriggja í líftækniþyrpingu BioCity, sem spáð er að geti orðið með stærri þyrpingum í líftækni-geiranum í Evrópu.



PRÁÐLAUS FÓSTURMÆLIR Dr. Carl Barratt, forstjóri Monica Healthcare, sýnir þráðlaust tæki sem mælir hreyfingar á fóstri í móðurkviði. Barratt sló á létta strengi og sagðist ekki vera sá besti til að sýna mælinn því fremur ólíklegt væri að hann yrði nokkurn tíma þungaður.

en Markaðurinn var þar á ferð. Samningurinn felur í sér framleiðslu á fæðubótarefnum sem unnin eru úr sojatrefjum í vinsælum morgunverði í Japan. Forsvarsmenn Eminate sögðu vísbendingar uppi um að efni í trefjunum geti komið í veg fyrir blóðtappa, og áherslan yrði lögð á markaðssetningu á Vesturlöndum þar sem tíðni blóðtappa er há. Talsverður munur er hins vegar á lyktarskyni Japana og Evrópubúa og vinnur fyrirtækið nú að því að betrumæta fæðubótarefnið fyrir vestræna bragðlauka.

Skál með japanska morgunverðinum var borin fyrir gesti BioCity og yggldu sumir sig á meðan aðrir spurðu hvort leyfilegt væri að smakka á réttinum, sem var þykkur og sleppjulegur og hélst fastur í plastskeið á hvolfi. Bragðið minnti einna helst á hnausþykkan kaldan hafragraut án bragðefna og greinilegt að bresku líftækniyrirtækjunum voru vanari öllu feitari morgunverði en starfsbræður þeirra í Japan.

Ekki liggur fyrir hvenær almenningsgefingur kostur á að gæða sér á japanska fæðubótarefni.

SPÁKAUPMAÐURINN

Arður í sekkjum

Ég þarf að fara að gæta mín þegar ég sest niður og set fram kenningar. Þannig varð spekulásjón mín um Kaupþing og Glitni til þess að Mogginn lagði undir mig forsiðuna. Geri aðrir betur. Þegar fréttin birtist var ég reyndar farinn að hafa talsverðar efasemdir um eigin kenningu. Þetta er samt fín kenning og engin ástæða til að kasta henni alveg frá sér.

Annars er ég mest að því þessa dagana að taka á móti arði. Heilu hlössin af feittum arðgreiðslum streyma til mín. Það þýðir auðvitað að maður þarf að gera upp við sig hvernig maður endurfjærfestir þessu frjálsa sjóðflæði, eða hvort maður fer í Karibahafið fyrir eitthvað af þessu. Ég hugsa að ég endurfjærfesti í einhverju. Allavega kaupir maður nýja stofnfjárhluti í SPRON fyrir arðinn. Dásamlegt hvað það hefur gengið hratt hjá manni að krækja í sjóðinn þar.

Það hafa margir reynt að kaupa af mér stofnfjárhluti í sparissjóðum síðustu misserin, en ég hef alltaf sagt nei. Ég bætti frekar við mig og keypti hluti af ættingjum og vinum sem eru alltaf í lausafjárvandræðum og kunna ekkert með svona verðmæti að fara. Þannig að nú er maður að verða ansi hreint vel settur í sparissjóðafjölskyldunni. Gæti sennilega bara farið að gefa eitt stykki menningarhús svona einn og sjálfur án mikilla átaka.

Annars er nú kúrsinn að öðru leyti settur á útlönd. Kaupa í fjármálageiranum í Skandinavíu og teika einhvern af þessum stóru íslensku fjærfestum. Ástandið fer að verða of hættulegt hér heima og ég myndi ekki vilja fara í langt sumarfrí þetta árið með stórar stöður innanlands og háður duttlungum íslensku krónunnar. Ég hugsa að ég haldi mig á evrusvæðinu í sumar. Þar er ódýrt að éta og drekka og veðrið betra en hér. Sleiki sólina sem glampar á gullinni evrumyntinni og læt líða úr mér eftir uppsveifluna og arðinn.

Spákaupmaðurinn á horninu

FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR
www.visir.is

SAMNINGATÆKNI

Traustvekjandi „uppgjöf“

Undirritaður hefur lengi haft trú á stjórnendum Actavis. Sú trú styrktist enn frekar þegar þeir ákváðu að draga sig út úr viðræðum um kaup á króatíska félaginu Pliva síðastliðið haust. Eitt aðalmerki góðs samningamanns er að hann veit hvenær rétt er að hætta – og hefur yfirvegun og sjálfstraust til að taka þá ákvörðun – því það er auðvelt að láta keppnisskapið yfirvinna skynsemina og að láta sokkinn kostnað (Sunk Cost) hafa áhrif á ákvarðanatöku.

Eitt mikilvægasta verkefnið í samningaviðræðum er að kanna hvaða valmöguleikar eru til staðar aðrir en að ná samkomulagi við þann sem samið er við (BATNA – Best Alternative to a Negotiated Agreement – Fisher & Ury, 1981) – og að reyna að bæta valmöguleikana. Ef þú hefur ekki framkvæmt raunhæft mat á valmöguleikum þínum er hætta á að þú fallist á samning sem er óhagstæðari en önnur tækifæri sem glatast

við samninginn. Þegar samningamaður hefur metið valmöguleika sína, er hann í góðri stöðu til að ákveða nákvæmlega hversu langt hann á að ganga í því skyni að ná samkomulagi (ReservationPoint). Reservation Point, eða lágmarksviðmið, er stutt og hnitmiðuð skilgreining á BATNA – skilgreining á því hvaða lágmarksskilyrði samningur þarf að uppfylla til þess að þú fallist á hann. Hann getur verið sú lágmarksfjárhæð sem þú þarft að ná í launaviðræðum til að taka við starfinu eða sú hámarksfjárhæð sem þú ert tilbúinn til að greiða fyrir fyrirtæki. Langflestir samningamenn láta vera að meta nákvæmlega hvar þeirra lágmarksviðmið liggur – og gera þar með alvarleg mistök.

Rannsókn þar sem þrenns konar upplýsingar lágu fyrir – 1) markaðsverð, 2) mat á lágmarksviðmiði og 3) það verð sem kaupendur vonuðust til að ná fram – sýndi að aðeins mat

á lágmarksviðmiði hafði áhrif á endanlega útkomu (Blount-White et al, 1994). Þeir sem hafa ekki greint lágmarksviðmið eru berskjaldaðir fyrir tvenns konar gildrum. Hið fyrra er að festa sig við akkeri eða viðmið sem mótaðilinn í samningaviðræðum setur (Lovallo & Kahneman, 2003) – þ.e. að láta mótaðilann ákveða út frá hvaða verði er samið. Hið seinna er að horfa í sokkinn kostnað. Það þarf hugrekki til að hætta við kaupferli sem hefur kostað verulega fjárhæð. Í kjölfarið fylgir oft gagnrýni vegna þess kostnaðar sem hlaust af samningaferlinu. Þess vegna er freistandi að teygja sig lengra en lágmarksviðmið segir til og tryggja kostnaðarsaman og óskynsamlegan sigur í samningaviðræðum. Þegar komið er út í samningaviðræðurnar nær oft viljinn til að vinna – og hröðslan við gagnrýni – yfirhöndinni og menn enda á að greiða herra verð en skynsamlegt er. Þegar það er gert ganga

önnur, hagstæðari tækifæri mönnum úr greipum.

Þegar Actavis dró sig út úr samningum um kaup á Pliva kom í ljós að fyrir lá yfirvegað mat á því hversu langt yrði gengið í samningaviðræðunum – og að fyrirtækið hafði gert ráðstafanir til að draga úr tapi ef þessi staða kæmi upp. Síðast en ekki síst þá höfðu stjórnendur nauðsynlega einurð til að draga strik í sandinn og hverfa frá viðræðunum. Frá sjónarhorni samningamannsins ber þetta vott um fagmennsku og sjálfstraust.

Aðalsteinn
Leifsson
lektor í við-
skiptadeild
HR og kennir
samningatækni



Nýjar gerðir - glæsileg hönnun



þitt eigið
Kaffihús
Saeco
Kaffivélar

15 gerðir verð frá kr. 46.900 stgr

Þú lagar alla uppáhalds kaffidrykkina þína svo sem espresso, cafelatte og cappuccino, nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá!
Saeco - stærsti framleiðandi heimiliskaffivéla



PRIMEA Cappuccino



Fjölbreytt úrval balla og fylgihluta



Ítalskt gæðakaffi frá Kimbo og Danesi | Bragðefni frá Fabbri

Landsins mesta úrval af sjálfvirkum espresso/cappuccino kaffivélum

Þjóddu vinum þínum
í heimaKAFFIHÚS!



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • www.ef.is

www.ef.is

Ertu á leið í Leifsstöð?

Komdu við í nýrri og glæsilegri verslun

OPTICAL STUDIO Í LEIFSTÖÐ

15 MÍN. AFGREIÐSLA Á ÖLLUM ALGENGUSTU GLERAUGUM

SJÓNMÆLINGAR
LINSUR
SÓGLERAUGU

Optical Studio
FRÍHÖFN LEIFSTÖÐ

Þjónustu- og ábyrgðaraðilar
Optical Studio Smáralind og Keflavík.



HB GRANDI

Aðalfundur

Aðalfundur HB Granda hf. verður haldinn föstudaginn 23. mars 2007 í matsal HB Granda við Norðurgarð, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 17:00.

Dagskrá.

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. gr. samþykka félagsins.
2. Tillaga um heimild félagsstjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins, hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund. Ennfremur er hægt að nálgast gögnin á vefsíðu félagsins, www.hbgrandi.is.

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm virkum dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:30.

Óski hluthafar eftir að ákveðin mál verði tekin til meðferðar á aðalfundinum, þarf skrifleg beiðni um það að hafa borist félagsstjórn með nægjanlegum fyrirvara, þannig að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Hluthafar sem ekki geta mætt á fundinn, en hyggjast gefa umboð, þurfa að gera það skriflega.

Stjórn HB Granda hf.

VISIR

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Eigum fiskinn sameiginlegan



Hólmfríður Helga Sigurðardóttir

Eileen S. Nkondola er ein fárra Tansaníubúa sem alið hafa manninn á Íslandi. Undanfarna mánuði hefur hún stundað nám við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfræktur er hér á landi. Hafrannsóknastofnunin sér um rekstur skólans í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Nemendur skólans eru allir frá þróunarlöndunum en námið er að mestu fjármagnað með framlagi Íslands til þróunaraðstoðar. Tansanísku sjávarútvegsráðuneytið valdi Eileen úr hópi umsækjenda sem höfðu áhuga á að nema við skólann. Hún gerði því hlé á störfum sínum á sviði gæðastjórnunar og kennslu hjá Þróunarmiðstöð fiskveiða í Tansaníu og kom hingað síðastliðið haust.

ÖRYGGIÐ Á ÍSLANDI EINSÐÆMI

Lífið á Íslandi er gjörólíkt því sem Eileen á að venjast. Henni líkar þó vistin vel á Íslandi, ekki síst vegna þess öryggis sem hún segist finna fyrir hér. „Hér getur maður gengið um göturnar nánast hvenær sem er dags og hvar sem er án þess að finna til óryggis. Eg held að öryggi af þessu tagi fyrirfinnst varla annars staðar í heiminum.“ Þá er hún þakklát fyrir hversu vel var tekið á móti henni og öðrum nemendum skólans og staðhæfir að Íslendingar séu hlýjar manneskjur þrátt fyrir allan þann kulda sem þeir búa við.

Eileen hefur diplómapróf í sjávarútvegsfræðum og háskólapróf í upplýsingatækni. Hún segist hafa bætt vel við þekkingu sína á þeim tíma sem hún hefur verið á Íslandi. „Sjávarútvegurinn á Íslandi er þróaðri en víðast hvar annars staðar. Þess vegna held ég að Ísland sé einmitt rétti staðurinn til að hýsa skóla á borð við Sjávarútvegsskólann. Við höfum lært heimikið um fiskvinnslu, gæðastjórnun, birgðastjórnun og annað sem mun nýtast okkur þegar við komum heim.“

FERÐAMENNSKA OG FISKVINNSLA

Tansanía liggur á á austurströnd Afríku og að henni eiga Kenía, Úganda, Rúanda, Búrúndí, Kongó, Sambía, Malaví og Mósambík landamæri. Um 36 milljónir manna búa í landinu og fiskveiðar eru meðal þeirra iðngreina sem færa þeim mestar útflutningstekjur. Eileen telur því mikinn fót fyrir frekari samstarfi milli Íslands og Tansaníu á sviði fiskveiða.

Viðskipti á milli landanna eru takmörkuð í dag. Útflutningur á síðasta ári nam 3,9 milljón-um króna frá Íslandi til Tansaníu. Að langmestu leyti er þar um að ræða útflutning á fiskkössum. Ívið meira er um innflutning frá Tansaníu til Íslands. Þaðan komu meðal annars ávextir og grænmeti, fatnaður og vefnaðarvörur á síðasta ári fyrir 5,4 milljónir króna. Eileen segir Tansaníu góðan kost hyggist fólk ferðast til Afríku. Ferðamennska sé landinu mikilvæg og þangað sé margt að sækja. Þar sé fjöldi þjóðgarða fullra af villtum dýrum að ógleymdu Kilimanjaro, hæsta fjalli Afríku, sem dregur að sér tugi þúsunda göngugarpa á ári hverju. Þá sé friðurinn sem þar ríkir um þessar mundir dýrmæt-ur. „Horft til nágrannalanda okkar eru alls staðar átök. Þar eru oft stríð milli ættbálka og ástandið á einhvern hátt óstöðugt. Tansanía er hins vegar friðsæl. Við erum mjög stolt af því.“

Opinbert tungumál Tansaníu er svahílí sem allir landsmenn tala, þrátt fyrir að ýmsir ættbálkar hafi



EILEEN S. NKONDOLA FRÁ TANSANÍU Eileen er nýútskrifuð úr Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfræktur er hér á landi. Hún hefur unnið að hönnun rekjanleikakerfis sem að öllum líkindum verður notað í fiskvinnslustöðvum í Tansaníu.

jafnframt sitt eigið mál. Þetta segir Eileen bægi-legt fyrir ferðalanga þar sem í mörgum öðrum Afríkulöndum sé algengt að tungumálið breytist frá einu þorpi til annars. Einn svahílítúlkur í Tansaníu sé allt sem þurfi.

HANNAÐI REKJANLEIKAKERFI Á ÍSLANDI

Verkefnið sem Eileen vann að í Sjávarútvegsskólanum var á sviði gæðastjórnunar og snerist um að hanna stafrænt rekjanleika-kerfi fyrir fiskvinnslustöðvar. Stór hluti fiskisins sem veiðist í Tansaníu er fluttur áfram til Evrópusambandsins. Þar eru gerðar kröfur um að uppruni vörunnar sé þekktur. „Við höfum rekjanleikakerfi í fiskvinnslustöðvum okkar á pappírformi. Það þjónar sínum tilgangi en er ekki jafnskilvirkt og stafrænt kerfi.“

Eileen er ekki fyrsti nemandinn frá Tansaníu sem stundað hefur nám við Sjávarútvegsskólann.

Á undan henni hafa sjö tansanískir nemendur dvalið hér við nám á sviði veiðistjórnunar, veiðitækni og gæðamála.

Eileen hefur ekki hug á að setjast að á Íslandi til fram- búa. Í Tansaníu býður hennar fjölskyldan auk þess sem á ríður að koma kerfinu í gagnið þar. Til að byrja með verður það sett upp í einni verk- smiðju við Viktoríuvatn, sem Tansanía deilir með Kenía og Úganda. Vonir standa svo til að kerfið verði einnig aðlagð öðrum verksmiðjum við vatnið. „Ég bind miklar vonir við þetta kerfi. Viktoríuvatn er annað stærsta stöðuvatn veraldar og fjöldi fiskvinnslustöðva stendur við það. Það myndi hafa mikið að segja fyrir okkur að koma upp kerfi á borð við þetta sem hjálpar okkur að uppfylla enn betur kröfur Evrópusambandsins og markaðarins.“

TANSANÍA

Mannfjöldi: 38,3 milljónir

Hagvöxtur: 7 prósent

Verðbólga: 3,7 prósent

Gjaldmiðill: 1 tansanískur skildingur = 0,05

íslenskar krónur

Heimild: Heimasíða Alþjóðabankans.

Tölur miðast við árið 2005.

FRÓÐLEIKSMOLAR

Í Tansaníu ...

... er álitnið dónalegt að rétta eða taka við gjöf með vinstri hendinni.

... er stéttaskipting mikil. Því er mikilvægt að ávarpa fólk með réttum titli og hafa í huga að djúp virðing er borin fyrir eldra fólki.

... er merki um virðingu að taka í báðar hendur fólks þegar heilsast er.

Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?



MARKAÐSVAKTIN

mentis HUGBÚNAÐUR

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 14 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Viðskiptavinir SPRON ánægðastir

Viðskiptavinir SPRON eru sáttir við sitt ef marka má niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar sem kynntar voru í gær. Stjórnendur SPRON geta litið björtum augum til framtíðar því mikil fylgni er milli ánægju og tryggðar viðskiptavina annars vegar og tryggðar og afkomu hins vegar. Þetta var meðal þess sem kom fram í máli Guðbjargar Andreu Jónsdóttur hjá Capacent Gallup sem kynnti niðurstöðurnar í gær.

Tryggingamiðstöðin lenti í fyrsta sæti í flokki tryggingafélaga og Vodafone í hópi farsímafyrirtækja. Í fyrsta sinn voru nú netveitur mældar sérstaklega og skipar Hive þar fyrsta sætið. Ólgerðin Egill Skallagrímsson stendur efst í flokki gosdrykkjaframleiðenda. Þá vermir Hitaveita Suðurnesja fyrsta sætið fimmta árið í röð í flokki rafveitna og BYKO veltir ÁTVR úr sessi í flokki smásölu-fyrirtækja.

Capacent Gallup, Samtök iðnaðarins og Stjórnvísni standa að Íslensku ánægjuvuginni. - hhs



ÁNÆGÐUR SPARISJÓÐSSTJÓRI Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, var að vonum sáttur við niðurstöðu Íslensku ánægjuvogarinnar. MARKAÐURINN/GVA

Stofnfjárútbod SpKef

Sparisjóðurinn í Keflavík býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 700.000.000. Farið er með útbodid skv. reglum um almennt útbod verðbréfa, en stofnfjäreigendur sem skráðir eru við upphaf útbodsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útbodstímabilið er 19.–28. mars 2007 og fellur áskrift í eindaga 12. apríl 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útbodinu er kr. 2.08176192 og er heildarverðmæti útbodsins því kr. 1.457.233.341. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkinguna er kr. 1.100.000.000 og verður eftir hækkinguna kr. 1.800.000.000, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útbodsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útbodinu á heimasíðu Sparisjóðsins www.spkef.is og í afgreiðslum hans frá og með 19. mars 2007.

Sparisjóðsstjórn



Aðalfundur TM

Aðalfundur 2007

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins, þ.m.t. greiðslu arðs.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
6. Tillögur um eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:
 - a. Breyting á 3. gr. um starfssvæði félagsins.
 - b. Breyting á 6. gr. um að engin sérstök réttindi fylgi hlutum né að hluthafar verði skyldaðir til að sæta innlausn.
 - c. Breyting á 15. gr. um að á dagskrá aðalfundar skuli vera ákvæði um að ákvörðun skuli tekin um ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skuli rekstrarhalla, svo og að á dagskrá aðalfundar skuli vera tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
 - d. Um breytingu á 25. gr. þess efnis að félagsstjórn skuli leggja fyrir aðalfund tillögu um ráðstöfun tekjuafgangs og hvernig mæta skuli halla.
 - e. Ákvæði um að 26. gr. samþykktanna eigi ekki við þegar breyta skal 10. gr. þeirra.
 - f. Endurskoðun á 27. gr. varðandi ákvörðun um slit á félaginu.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
9. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á hlutum í félaginu.
10. Önnur mál löglega fram borin.

Vakin er sérstök athygli á því að framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Aðalstræti 6, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikningar félagsins og tillögur liggja frammi á aðalskrifstofu, hluthöfum til sýnis, viku fyrir fundinn, en verða síðan afhent ásamt fundargögnum til hluthafa á fundarstað.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

Hvað er að fréttu?

Með púlsinn á markaðnum alla daga_

www.visir.is

LITUR VEL ÚT
SANTAFE

Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga

Hyundai kynnr nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólkubíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið.

Verð frá kr. 3.740.000
Hlaðinn staðalbúnaði
Komdu í reynsluakstur



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin



SAUTJÁN NEMENDUR FRÁ ÞRETTÁN LÖNDUM Sautján nemendur frá þrettán þróunarlöndum luku námi við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku. MARKAÐURINN/VILHELM

Sautján útskrifast úr skóla SP

Í síðustu viku útskrifuðust sautján nemendur úr Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfræktur er hér á landi. Nemendurnir í ár voru frá Kenía, Tansaníu, Srí Lanka, Úganda, Grænhöfðaejum, Íran, Kína, Malasíu, Kúbu, Vanúatú, Tonga, Namibíu og Míritíus. Allir hafa þeir dvalið hér frá því í september en snúa nú hver af öðrum aftur til

starfa í heimalöndum sínum.

Þeir nemendur sem koma til náms í Sjávarútvegsskólanum eru iðulega fagfólk með reynslu af störfum við rannsóknir, stjórnsýslu og rekstur á sviði veiða og sjávarútvegs. Í náminu felast inngangsnámskeið, sérfræðinámsskeið og hagnýtt lokaverkefni. Mikil áhersla er lögð á að þegar náminu lýkur snúi nemendur aftur til heimalandsins með þekk-

ingu sem nýttist þeim sjálfum, fyrirtækjunum sem þeir starfa hjá og þjóðfélaginu í heild.

Sjávarútvegsskóli SP hóf starfsemi í upphafi ársins 1998. Hann er starfræktur af Hafrannsóknastofnun í samstarfi við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (MATÍS), Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Alls hafa nú 145 nemendur frá 25 löndum lokið námi við skólann. - hhs

Xiaojie Nie frá Kína

Hluti af námi Xiaojie Nie hjá Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna var að gera markaðsáætlun fyrir Icelandic Group í Kína. Hún hefur unnið að því að greina kínverska markaðinn fyrir félagið sem hefur hug á að hefja smásölu á Kínmarkaði. Meðal þess sem hún hefur ráðlagt Icelandic Group er að markaðssetja reyktan lax í Kína. Kínverjar hafi smekk fyrir feitum og bragðmiklum fiski.



Nordina Din frá Malasíu

Nordina var valin úr hópi malasískra umsækjenda til að stunda nám við Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið sem hún vann að snerist um að greina rekstur svæðasamtaka veiðimanna í Malasíu. Hún starfar sem endurskoðandi hjá Hafrannsóknastofnun Malasíu. Þar mun hún halda áfram að vinna að verkefninu í því miði að bæta arðsemi samtaka veiðimanna.



www.volvo.is



VOLVO C30 VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO C70 VOLVO S80 VOLVO XC70 VOLVO XC90

SÖÐLAÐU UM. VERTU HVORU TVEGGJA.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Volvo XC70. Tveir fyrir einn. Söðlaðu um, breyttu um stíl. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um „jeppafólksbílinn“. Þú velur öryggi, öðruvísi hönnun og einstaka akstursegingleika. Volvo XC70.

Þú nýtur verndar

Volvo XC70 er útbúinn margvíslegum tækninýjungum í þeim tilgangi að vernda þig og þína. AWD-fjór hjóladrifið er undratækni sem stöðugt vakir yfir ástandi vegar. Sjálfvirk meta skynjarar veggripið fyrir þig; tapi hjól afli, taka hin við. Tapi þrjú hjól afli, tekur það fjórða við. TRACS-spólvörmin tryggir að þú komist auðveldlega af stað úr kyrrstöðu í snjó og hálfu. Nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC leiðréttir mistök í akstri og minnkar líkurnar á því að billinn skriki til. Veldu Volvo XC70.

Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin, þyngdarpunkturinn, þyngdardreifinguna og veghæðina sem er jafnvel hærri en veghæð jeppa.

Skoðaðu sætin sem helstu sérfræðingar í beinabyggingu líkamans hönnuðu. Kynntu þér WHIPS bakhykksvörnina

í framsætum sem minnka líkur á meiðslum á hnacka og hálsi um meira en 50 prósent. Öryggi er lúxus.

Umhverfið nýtur verndar

Tryggt er að Volvo bílar hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Þú kynnir þér sérstaka tækni Volvo sem vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC70. Tækni sem breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Þú finnur sérvalið efni í stýri, lykklum og öðrum snertiflötum sem hafa verið ofnæmisprófuð samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex og eru laus við ofnæmisvaka. Spurðu um skynvædda miðstöð Volvo XC70 sem hindrar að mengun berist inn í farþegarymið. Hugsaðu um börnin. Lífuðu í lúxus. Veldu Volvo.



Vertu á brú milli fólksbíls og jeppa. Komdu í Brimborg og reiknaðu út Volvo XC70 - skoðaðu smáatriðin.

Aftaðu þér frekari upplýsingar
www.volvo.is

Volvo XC70 AWD bensín. Verð 5.330.000 kr.*
Volvo XC70 AWD disil. Verð 5.830.000 kr.*

* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara, að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



Nýr vefur um netöryggi

Á vefnum Netöryggi.is, nýendurbættum vef Póst- og fjarskiptastofnunar, er fjallað um margvísleg öryggismál internetsins. Vefurinn var fyrst settur í loftið fyrir um ári, en hefur nú verið endurbættur.

Vefurinn er fyrst og fremst ætlaður almenningi en á honum er jafnframt efni sem getur nýst litlum fyrirtækjum. Hann inniheldur leiðbeiningar og fræðsluefni um öryggismál, neytendavernd, persónuvernd og síðferðileg álitafni sem tengjast sívaxandi notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.

Meðal þess sem er að finna á vefnum eru tíu góð ráð sem eiga að geta stuðlað að áhyggjulausri netnotkun. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS, líkir öryggismálum tölva við bílbeltanotkun. „Beltin hjálpa engum nema þau séu notuð,“ segir hann. „Um leið og tölva er tengd netinu er hún komin út í umferðina.“

Meðal þess sem netnotendum er bent á er að þeir séu komnir á sérstök hættusvæði í allri leit að ólöglegri tónlist, myndefni, leikjum eða klámi. Þá geti hnappur í vafasömum gluggum sem upp spretta leitt til annars en fólkhbyggur.

- Óká

AÐALFUNDUR EXISTA HF.

14. MARS 2007



Aðalfundur Exista hf. verður haldinn miðvikudaginn 14. mars 2007 á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík og hefst fundurinn kl.17:00

DAGSKRÁ:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar síðastliðins rekstrarárs.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum:
 - a. Breyting á 4. gr. um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 3.600.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.
 - b. Breyting á 12. gr. vegna rafrænnar þátttöku í hluthafafundum og rafrænna hluthafafunda.
 - c. Breyting á 13. gr. um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu.
 - d. Breyting á 15. gr. um upplýsingar í framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.
8. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
9. Tillögur félagsstjórnar um heimild til útgáfu hlutafjár í evrum.
10. Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutfjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hlut-höfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.exista.com frá sama tíma.

Aðalfundur Exista mun fara fram á ensku.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað að Nordica Hótel.

Reykjavík, 27. febrúar 2007

Stjórn EXISTA



Volvo. For life.



Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

SÉRPANTANIR VOLVO

Kynntu þér Sérpantanáþjónustu Volvo hjá Brimborg. Gerðu hagstæðari kaup og sérhannaðu þinn eigin Volvo.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík:
Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Akureyri:
Tryggvabraut 5, sími 462 2700
www.volvo.is

BANKHÓLFID



Tékkheftið á grafarbakkanum

Plastið hefur vinninginn víða, í það minnsta gildir það þegar kemur að vali fólks á greiðslumiðli. Í nýjasta tölublaði fjármálarits Sunday Telegraph er fjallað um andlát ávísanaheftisins og talað um að útförin kunni að vera í nánd. Bresk fjármála-fyrirtæki og verslanir segja nefnilega að ávísanahefti séu orðið svo lítið notuð að best sé að slá ávísanirnar af með öllu. Þá hefur fjöldi verslana tekið upp þá stefnu að taka ekki við ávísunum. Nú síðast var það Boots-keðjan sem tók þá ákvörðun, en önnur fyrirtæki sem ekki lengur taka tékka eru Asda, WH Smith, Next, Currys, PC World og fleiri. Hér heima taka búðir enn við tékkum, en þróunin er engu að síður sú sama; notkun þeirra hefur dregist stórlega saman.

Línur skarast í Bretlandi

Þó svo að fjarskiptaheimurinn sé stór á heimsvísu eru ef til vill ekki svo ýkja mörg fyrirtæki sem bjóða þjónustu í mörgum löndum.

Þannig hefur það nú gerst með kaupum Símans á farsíma-fyrirtækinu Aerofone í Bretlandi að viðskiptavinir fyrirtækisins þar kunna með fjallabaksleið að tengjast vörumerki sem Síminn myndi seint hampa hér heima.

Í gegnum samninga Aerofone í Bretlandi býðst viðskiptavinum Símans væntanlega að nýta sér gjaldskrárleiðir á borð við Vodafone Anytime Tariffs, Vodafone Business Tariffs, og þar fram eftir götunum, auk valdra gjaldskrárleiða farsíma-fyrirtækisins O2.

Sumarfrí blaðamanna

Fyrir þá sem hafa áhuga á að hitta og spalla við danska blaðamenn er sumarið fínt tækifæri. Dönsku fríblöðin ráðgera að leggja niður útgáfu í tvær til fimm vikur í sumar. Lífið í Danmörku í júlí er ljúft og þægilegt og búast má við því að fjöldi blaðamanna í reiðileysi sitji yfir krús í Nýhöfn eða á kaffihúsunum á Nýjatorgi. Reyndar er fleira að fréttu úr danska fjölmiðlaheiminum en danska ríkisútvarpið hyggst spara þrjá milljarða á næstu þremur árum og er búist við að í því felist starfsmannafækkun upp á allt að 300 manns.

9%

sem viðskiptahallinn gæti hafa verið ofmetinn um á síðasta ári að mati greiningardeildar Kaupþings.

36

milljarða króna uppsafnað tap deCode Genetics frá stofnun árið 1996.

249.

sæti sem Björgólfur Thor Björgólfsson vermir á lista Forbes yfir auðugustu menn heims.

Það eru alltaf jólin hjá okkur



TUNGLA

Gjafavörur leika stórt hlutverk í markaðsstarfi þeirra sem selja vörur eða þjónustu, enda eru ánægja og tryggð meðal mikilvægustu þátta viðskiptalífsins. Góðar gjafir styrkja ekki aðeins gott samband, þær styðja við og styrkja markaðsstarfið í heild. Á síðasta ári efldi Bros gjafavörudeild sína með kaupum á Gjafaveri. Í byrjun þessa árs var rekstur fyrirtækjanna sameinaður undir nafninu Bros í nýbyggðu húsi að Norðlingabraut 14. Við sérhæfum okkur í góðum gjöfum — árið um kring.

Bros – Gjafaver ehf. Norðlingabraut 14 • 110 Reykjavík • Sími 569 9000 • www.bros.is

BROS
— með þínu merki

Nýr heimur fyrir fjárfesta



Brasilía
Rússland
Indland
Kína

spron
VERÐBRÉF

Rekstaradili verðbréfasjóðsins er Rekstarfélag SPRON. Útboðslynging má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.